



Morgunblaðið, 06.01.2023, síðu 1
grein stærð: 191.66 sm²
grein hæð: 12.51 sm

Framkvæmdaleyfi eftir nokkra mánuði

● Sveitarstjórnirnar fjalla um umsókn um Hvammsvirkjun

Helgi Bjarnason
helgi@mbi.is

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru byrjaðar að fjalla um umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Oddviti Rangárþings ytra telur að gera þurfi samfélagsáttmála um framkvæmdina og frekari nýtingu orku í héraði og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir að í ferlinu hingað til hafi ekkert verið fjallað um samfélagsleg áhrif virkjunarinnar og þurfi Landsvirkjun að svara ýmsum spurningum sveitarstjórnarinnar. Oddviti Rangárþings ytra telur að það taki einhverjar vikur að afgreiða málið en oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps reiknar með að umfjöllunin taki nokkra mánuði.

Mannvirki Hvammsvirkjunar verða

Undirbúningur

- » Skipulag vegna Hvammsvirkjunar er frágengið, bæði aðal- og deiliskipulag.
- » Landsvirkjun hefur tryggt sér land- og vatnsréttindi.
- » Fyrirtækið hefur fengið virkjanaleyfi og sótt um framkvæmdaleyfi.


meira á austurbakkanum og því fær Rangárþing ytra fasteignaskatta af stöðvarhúsi og fleiri mannvirkjum. Áhrifa virkjunarinnar gætir hins vegar meira í byggð hinum megin ár, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir að sveitarstjórnin meti

það svo í upphafi þessa ferils að þrátt fyrir að unnið hafi verið að undirbúningi virkjunarinnar í meira en tvo áratugi hafi ekkert verið fjallað um samfélagsleg áhrif hennar í byggð. Telur hann á mælisvert að ekkert tillit hafi verið tekið til íbúanna í þessu langa ferli. Segir Haraldur að það sé stóra vandamálið í vinnunni fram undan og ljóst að Landsvirkjun þurfi að svara mörgum spurningum um þann þátt málsins.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra vill gera samfélagsáttmála vegna framkvæmdarinnar og frekari nýtingar orku í héraði. Eggert Valur Guðmundsson oddviti segir að slíkur sáttmáli snúist um að tryggja að samfélagið og umhverfið njóti góðs af framkvæmdunum en verði ekki fyrir skaða.

M Vilja sáttmála ... » 6



Vilja sáttmála við nærsamfélagið

● Mismunandi hagsmunir sveitarfélaganna við Hvammsvirkjun í Þjórsá ● Getur tekið Rangárþing ytra vikur að afgreiða framkvæmdaleyfi en Skeiða- og Gnúpverjahrepp nokkra mánuði

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru byrjaðar að fjalla um umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Oddviti Rangárþings ytra telur að gera þurfi samfélagsáttmála um framkvæmdina og frekari nýtingu orku í héraði og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir að í ferlinu hingað til hafi ekkert verið fjallað um samfélagsleg áhrif virkjunarinnar og þurfi Landsvirkjun að svara ýmsum spurningum sveitarstjórnarinnar. Oddviti Rangárþings ytra telur að það taki einhverjar vikur að afgreiða málið en oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps reiknar með að umfjöllunin taki nokkra mánuði.

Landsvirkjun sendi sveitarfélögum umsókn um framkvæmdaleyfi vegna byggingar Hvammsvirkjunar 14. desember, skömmu eftir að Orkustofnun hafði gefið út virkjanaleyfi. Framkvæmdaleyfi þarf að fást áður en undirbúningur verklegra framkvæmda hefst.

Gert er ráð fyrir Hvammsvirkjun í aðalskipulagi sveitarfélaganna og virkjanasvæðið hefur verið deiliskipulagt. Þá hefur Landsvirkjun tryggt sér landréttindi og vatnsréttindi með kaupum á landi og samningum við landeigendur og ríkið. Ætti því fátt að geta komið upp í umfjöllun um þetta síðasta leyfi sem raskað gæti áformunum. Ekkert er þó tryggt í því efni eins og dæmi úr öðrum framkvæmdum sýna.

Ólík aðstaða

Aðstaða sveitarfélaganna tveggja er nokkuð ólík. Stöðvarhús og fleiri mannvirki sem skila sveitarfélaginu tekjum eru austan ár, í Rangárþingi ytra, en áhrifa virkjunarinnar á byggð gætir meira norðan megin Þjórsár, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þessi aðstöðumunur endurspeglast nokkuð í afstöðu



Tölvuteiknuð mynd/Landsvirkjun

Hvammsvirkjun Mannvirki sem fasteignagjöld eru lögð á eru á austurbakkanum, í Rangárþingi ytra.



Eggert Valur Guðmundsson



Haraldur Þór Jónsson

forystumanna sveitarfélaganna.

Umsókn Landsvirkjunar var lögð fram á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra 29. desember og var samþykkt að fela bygðaráði að vinna málið áfram og leggja fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu. Í bókun sveitarstjórnar segir að við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna umfangsmikilla framkvæmda þurfi að huga að fjölmörgum atriðum með hagsmuni sveitarfélagsins og samfélagsins alls í huga. Gera þurfi samfélagsáttmála vegna framkvæmdarinnar

og frekari nýtingar orku í héraði.

Nánar spurður um þetta segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra, að slíkur samfélagsáttmáli eigi að snúast um að tryggja að samfélagið og umhverfið njóti góðs af og verði ekki fyrir skaða af þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Eggert nefnir sem dæmi að það kunni að vera eðlilegt að Landsvirkjun setji upp starfsstöðvar í sveitarfélaginu á meðan á framkvæmdum stendur. „Við erum að útteila gæðum og viljum fá eitthvað til baka sem nýttist öllu samfélaginu,“ segir hann.

Stærstu virkjanir Landsvirkjunar eru á Suðurlandi og er rætt um að nýta meira af þeirri orku í héraði. Landsnet hefur byggt tengivirki við Lækjartún, skammt austan við Þjórsárbrú, og þar eru möguleikar á að veita orku inn á svæðið. Eggert Valur segir að strengur þaðan til Vestmannaeyja opni möguleika. Rangárþing ytra sé að skipuleggja græna iðngarða á Strönd, fyrir orkufrekan iðnað, og verið sé að

leita að fyrirtækjum sem vilja nýta sér aðstöðuna.

Eggert hefur einnig orð á því að verið sé að gefa út framkvæmdaleyfi til fyrirtækis í eigu þjóðarinnar. Ef það eignarhald breytist og fyrirtækið verði selt kunni að vera ástæða til að hafa fyrirvara í samningum.

Eggert Valur tekur fram að ekki sé ætlunin að stilla Landsvirkjun upp við vegg til að ná fram einhverju í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfis. Hann segir að ætlunin sé að vinna þetta mál hratt og vel og telur að það taki einhverjar vikur að afgreiða leyfisumsóknina.

Purfa að svara spurningum

Umsókn Landsvirkjunar var lögð fram á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 21. desember og starfsmenn Landsvirkjunar kynntu málið á fundi með sveitarstjórn 4. janúar. Áformað er að kynna málið fyrir íbúum, eftir að vinnslu þess lýkur í sveitarstjórn.

Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúp-

verjahrepps, segir að sveitarstjórn sé að fara í gegn um gögnin sem fylgja umsókninni. Sveitarstjórnin meti það svo í upphafi þessa ferils að þrátt fyrir að unnið hafi verið að undirbúningi virkjunarinnar í meira en tvo áratugi hafi ekkert verið fjallað um samfélagsleg áhrif hennar í byggð. Telur hann ámælisvert að ekkert tillit hafi verið tekið til íbúanna í þessu langa ferli. Segir Haraldur að það sé stóra vandamálið í vinnunni fram undan og ljóst að Landsvirkjun þurfi að svara mörgum spurningum um þann þátt málsins.

Haraldur bendir á að þetta sé í fyrsta skipti sem reisa eigi stórvirkjun niðri í byggð og þar sé verið að breyta ósnortinni náttúru í virkjanasvæði. Þess vegna sé verkefnið af annarri stærðargráðu en mörg önnur. Þá sé þetta fyrsta virkjunin af þremur í neðrihluta Þjórsár, þótt vissulega séu Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í biðflokki rammaáætlunar. Haraldur veur athygli á því að hvergi sé meiri orkuframleiðsla en í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en íbúarnir hafi engan ávinning af auðlindinni sem væntanleg Hvammsvirkjun nýtir. Mönnum finnst sjálfsgætt að koma þangað og virkja og flytja orkuna í burtu. Þá fylgi engin störf rekstri Hvammsvirkjunar, henni verði fjarstýrt. Orkan verði almennt til í dreifbýlinu. Þrátt fyrir það greiði íbúar dreifbýlisins og þar með Skeiða- og Gnúpverjahrepps herra orkuverð en íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

Spurður að því hvað hægt sé að gera til að verða við óskum íbúa segist Haraldur ekki geta svarað því. Það sé hins vegar ljóst að ekki sé hægt að afgreiða framkvæmdaleyfi án þess að taka tillit til áhrifa virkjunarinnar á nærumhverfið og íbúana. Ekki sé hægt að samþykkja hvað sem er. Telur Haraldur að það taki nokkra mánuði fyrir sveitarstjórn að fjalla um umsókn Landsvirkjunar en tíminn muni fyrst og fremst ráðast af því hversu duglegir starfsmenn Landsvirkjunar verði að svara.



Forsenda orkuskipta á Íslandi fyrir árið 2040

Haraldur Þór Jónsson

Það eru ekki allir Íslendingar sem gera sér grein fyrir því að stærsti hluti af framleiðslu raforku á Íslandi á sér stað í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ef heildaraforkuframleiðsla Landsvirkjunar frá upphafi starfsemi hennar er lögð saman, þá hafa um það bil 35% af orkunni verið framleidd í stöðvarhúsum sem staðsett eru í sveitarfélaginu.

Á árinu 2022 kynnti Landsvirkjun metafrömu af rekstri sínum, á þriggja mánaða fresti. Aldrei hefur hagnaður fyrirtækisins verið meiri og það er gott að vita til þess að Landsvirkjun er í eigu þjóðarinnar. Á sama tíma hefur forstjóri Landsvirkjunar sagt opinberlega að raforka á Suðurlandi sé uppseld, það sé ekki meira rafmagn til skiptanna og því verði að virkja. Ofan á þetta hefur ríkisstjórn Ísland sett þau markmið að orkuskipti þjóðarinnar eigi að hafa náðst árið 2040.

Það er mikil uppbygging í gangi á Íslandi þessi misserin. Gert er ráð fyrir að byggja 35 þúsund nýjar íbúðir á næstu árum og þróun á fjölbreyttri atvinnustarfsemi er víða í farvatninu. Öll þessi uppbygging kallar á meiri orku. Orku til að standa undir auknum hagvexti og lífsgæðum á Íslandi.

Mikilvægasta orkusvæði Landsvirkjunar og íslensku þjóðarinnar er



Haraldur Þór Jónsson

vatnasvæði Þjórsár og Tungnaár sem renna í gegnum fjögur sveitarfélög. Þau eru Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra og Flóahreppur. Þetta vatnasvæði hefur skilað um það bil 60% af allri raforkuframleiðslu Landsvirkjunar frá upphafi. Á þessu vatnasvæði er lykullinn að orkuskiptum þjóðarinnar. Övirkjað afl

á þessu svæði er í kringum 500 megavött. Eitt fyrsta skrefið á virkjunarvegferð Landsvirkjunar, til að beisla þessa orku, er Hvammsvirkjun, sem á að skila 95 megavöttum upp í hið övirkjaða afl.

Hefja þarf samtal

Ég leyfi mér að fullyrða að orkuskipti þjóðarinnar gangi ekki eftir nema haldið verði áfram að virkja þetta mikilvæga orkusvæði. Þegar ríkisstjórn Íslands setti hins vegar markmið um orkuskipti fyrir Ísland átti ekkert samtal eða samráð sér stað um það við sveitarfélögin en samt er það svo að það eru þau sem þurfa að setja virkjanir og tengd mannvirki á aðal- og deiliskipulag sitt ásamt því að heimila framkvæmdir. Nauðsynlegt er að hefja samtal milli ríkis og sveitarfélaga strax til þess að orkuskiptin raungerist.

Hvammsvirkjun er fyrsta stórvirkjunin sem mun rísa í neðri hluta Þjórs-

» Ef orkuskipti þjóðarinnar eiga að geta átt sér stað þarf ríkisstjórnin að hefja samtalið við sveitarstjórnir um sanngjarna skiptingu á auðlindinni.

ár. Aldrei áður hefur virkjanaframkvæmd af þessari stærðargráðu átt sér stað í byggð á Íslandi. Eftir meira en 20 ára undirbúning Hvammsvirkjunar hefur ekki verið fjallað ítarlega um samfélagsleg áhrif á nærumhverfi virkjunarinnar. Hvammsvirkjun er risastór framkvæmd. Hún kostar líklega í kringum 50 milljarða og mun skila einu til tveimur störfum á landsbyggðinni til frambúðar. Á sama tíma er orkan, sem framleidd verður í Hvammsvirkjun, forsenda fyrir þúsundum starfa sem verða til á Íslandi á næstu árum.

Ég er mikill virkjanasinni. Ég geri

mér grein fyrir því hvað sú græna orka sem við framleiðum á Íslandi hefur gert fyrir lífsgæði þjóðarinnar. Sem sveitarstjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps er mér falin sú mikla ábyrgð að reka sveitarfélagið. Tryggja hagsmunum íbúanna. Tryggja það að samfélag okkar vaxi og dafni. Tryggja að lífsgæði okkar aukist. Er eðlilegt að breyta byggð í fallettri náttúru, sem er hluti af lífsgæðum íbúanna, yfir í virkjanasvæði sem hefur sjónrænt áhrifsvæði upp á meira en 50 ferkílómetra, til að tryggja eitt til tvö störf til framtíðar í nærumhverfi virkjunarinnar? Ég held af flestir viti svarið. Eitthvað meira þarf að koma til.

Ein af undirstöðum lífsgæða á Íslandi er orkuöflun sem á sér stað á landsbyggðinni. Samt er það skrifað í raforkulög að uppbygging atvinnu sem þarf mikla raforku raungerist aldrei í dreifbýli. Hvers vegna? Vegna þess að það er sérstök verðskrá fyrir dreifingu á raforku í dreifbýli og við sem búum á landsbyggðinni þurfum að greiða hærra verð fyrir dreifingu á

rafmagninu en þeir sem búa í þéttbýli. Við þurfum að greiða hærra verð fyrir orku sem verður til í okkar nærumhverfi en þeir sem nota hana í þéttbýliskjörnum, tugum og hundruðum kílómetra frá framleiðslustað. Þessu þarf að breyta strax.

Ef orkuskipti þjóðarinnar eiga að geta átt sér stað, þá þarf ríkisstjórn Íslands og þingmenn á Alþingi að hefja samtalið við sveitarstjórnir á landsbyggðinni, um sanngjarna skiptingu á auðlindinni sem orkan er. Tryggja þarf jafnt verð á dreifingu raforku í dreifbýli og í þéttbýli. Tryggja þarf að nærsamfélagið þar sem orkan á uppsprettu njóti ávinnings af þeim verðmætum sem hún skapar, ekki bara á framkvæmdatíma við byggingu virkjana, heldur sem hlutdeild í þeim verðmætum sem verða til á hverjum tíma með orkuframleiðslunni. Það samtal þarf að hefjast strax til að tryggja að farsæl orkuskipti þjóðarinnar nái fram að ganga fyrir árið 2040.

Höfundur er oddviti og sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Fréttablaðið, 24.01.2023, síðu 8
grein stærð: 60.32 sm2
grein hæð: 12.15 sm



Séð yfir Hellu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvörðun um flugvöll frestað

gar@frettabladid.is

HELLA Byggðarráð Rangárþings ytra hefur frestað því að taka afstöðu til skipulagsbreytinga á flugvellinum við Hellu. Biða á þar til kynning meðal íbúa um framtíð flugvallarins hefur farið fram fyrir miðjan febrúar.

„Eru í skipulaginu skilgreindar þrjár lóðir kringum núverandi byggingar, ein lóð fyrir aðstöðugám og 15 lóðir fyrir flugskýli og flugtengda starfsemi. Svæðið liggur að þéttbýli Hellu og mun tengjast Helluvangi,“ segir meðal annars í lýsingu á verkefninu. ■



Morgunblaðið, 26.01.2023, síðu 10, 11
grein stærð: 175.43 sm²
grein hæð: 12.67 sm

Tilraunin kostaði 66 milljónir

● Kostnaður við sameiningaráform

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Verkefnið í heild og vinnan var að mínu mati vel heppnuð enda var þetta samþykkt í fjórum sveitarfélögum af fimm,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra.

Anton Kári var formaður samstarfsnefndar um Sveitarfélagið Suðurland. Tillaga um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftáahrepps á Suðurlandi náði ekki fram að ganga árið 2021 en það voru íbúar Ásahrepps sem felldu sameininguna.

Í svari við fyrirspurn Morgunblaðsins kemur fram að kostnaður við sameiningarvinnuna nam alls tæpum 66 milljónum króna yfir þriggja ára tímabil. Árið 2020 lögðu sveitarfélögin fimm fram tæpar 23 milljónir króna í þessa vinnu, árið 2021 var bókferður kostnaður tæp 31 milljón og árið 2022 var kostnaður tæpar 12 milljónir króna.




Morgunblaðið/Árni Sæberg

Við Seljalandsfoss Ekki var vilji til sameiningar á Suðurlandi árið 2021.

Anton Kári segir að ekki liggi fyrir nákvæm sundurliðun við kostnaðinn að svo stöddu en hann feli meðal annars í sér laun nefndarmanna í samninganefndinni, kostnað við ráðgjafa, fundarhald og kynningar-kostnað. Þá er inni í þessum tölum kostnaður við Stafrænt Suðurland sem fól í sér eitt stöðugildi í heilt ár en aukastyrkur fékkst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þess. Anton Kári kveðst raunar telja að greiðslur úr Jöfnunarsjóði dekki stærstan hluta alls kostnaðar við sameiningarvinnuna.

„Ég held að þetta sé þokkalega vel sloppið. Auðvitað dróst verkefnið á langinn, við lentum í Covid og þurftum að breyta ýmsu af þeim sökum. Fyrir mína parta var þessum peningum vel varið því þessi greiningarvinna nýtist fyrir rekstur hvers sveitarfélags fyrir sig. Það var kafað ansi djúpt. Við í Rangárþingi eystra einfölduðum til að mynda okkar stjórnsýslu umtalsvert í kjölfarið. Þó þessi vinna úreldist auðvitað með tímanum mun hún nýtast vel ef einhver sveitarfélög fara aftur af stað í sameiningarvinnu á næstunni. Það er aldrei að vita hvað gerist á þessu ári og ég á von á að einhver sveitarfélög fari í viðræður.“



Bændablaðið, 26.01.2023, síðu 64
grein stærð: 423.05 sm²
grein hæð: 16.32 sm

Á Árbakka búa hjónin Hulda Gústafsdóttir og Hinrik Bragason ásamt syni sínum, tengdadóttur og dætrum þeirra í góðu yfirlæti og reka m.a. útlutningsfyrirtækið Hestnes, sem hefur flutt út hesta í yfir þrjátíu ár.

Býli: Árbakki.

Staðsett í sveit: Í gömlu Landsveit, nú Rangárþingi ytra.

Ábúendur: Hulda Gústafsdóttir og Hinrik Bragason ásamt syni sínum, Gústafi Ásgeiri Hinrikssyni og sambýliskonu, Jóhönnu Margréti Snorradóttur og tveimur dætrum þeirra, Huldu Sif, þriggja ára og Ásu Malen, eins árs. Hér höfum við búið síðan 1. júní 2005, bráðum 18 ár.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við búum í síthvoru húsinu, við tvö hjónin og barnafjölskyldan í öðru. Svo eru hundurinn Lára og kötturinn Nebbi líka til heimilis á Árbakka.

Stærð jarðar? Jörðin er um 300 hektarar, þar af um 45 hektarar ræktað land. Mest graslendi, eitthvað votlendi, grasgefið og gott beitiland fyrir hross.

Gerð bús? Hér eru eingöngu hross, hryssur og folöld, tryppi í uppeldi og svo hross í hesthúsi í



Jóhanna Margrét og Bárður frá Melabergi, Íslandsmeistarar í fjörgangi 2021 og 2022 og sigruðu einnig fjörganginn á Landsmóti 2022.

Mynd / Jón Björnsson



Fjölskyldan á Árbakka haustið 2021, þarna vantar tvö yngstu barnabörnin sem fæddust árið 2022.

Þjálfun fyrir sýningar og keppni sem og í söluferli. Að auki rekum við hrossaútlutningsfyrirtækið Hestvit ehf. sem hefur flutt út hross síðan 1989 og verið stórt á þeim markaði. Það hefur flutt yfir 12.500 hross úr landi á þessum tíma.

Fjöldi búfjár og tegundir? Á Árbakka eru ca 150 hross samanlagt, í hesthúsi og utandyra.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það er gefið í hesthúsinu kl. 7.30. Svo hefst vinnan í hesthúsinu, það þarf helst að hreyfa öll hross á hverjum virkum degi, sem tekur drjúgan tíma.

Að auki þarf að gefa útigangi og dytta að því sem mögulega bilar. Við kennum mikið, svo það kemur hingað fólk með hestana sína í reiðkennslu auk þess sem við förum erlendis að kenna, öll fjögur.

Flestar vikur ársins er hrossaútlutningur, þá fer Hulda til Reykjavíkur og gerir þau hross klár. Svo koma erlendir og íslenskir hestakaupmenn að skoða hross hingað. Hestamannamótið taka einnig góðan tíma, bæði æfingar og keppnin sjálf.

Svo það er sjaldan tími til að láta sér leiðast. Og svo auðvitað ræktunarstúss, koma hryssum undir stóðhesta, taka á móti hryssum sem koma



Árbakki

Loftmynd af Árbakka, tekin snemma vors 2022.



Hinrik sýnir gæðingshryssuna Telmu frá Árbakka á Landsmóti 2022. Mynd / Jón Björnsson

hingað undir okkar hesta, klippa hófa, gefa ormalýf og allt sem hrossahaldi fylgir.


Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er gaman þegar folöldin fæðast á vorin og líka þegar verið er að keppa á hestum og uppskeran er góð. Leiðinlegast er þegar hross veikjast, slasast eða deyjá, hryssur missa fyl og svo framvegis.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Við sjáum ekki fyrir okkur miklar breytingar í rekstrinum sjálfum en planið er að yngra fólk tiki smám saman meira yfir.

Hvað er alltaf til í ísskápnnum? Held að stutta svarið sé ostur og Pepsi Max.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ætli það sé ekki nautasteik með tilheyrandi, helst lund úr góðri kjötbúð, annaðhvort héðan af Hellu eða úr bænum. Eða beint frá býli.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Við byggðum reiðhöll hér á Árbakka og tókum í notkun 2015. Það var alger bylting í vinnuáðstöðu og í dag nauðsynlegt til að vera samkeppnishæfur í þjálfun og keppni hrossa. Ætli það verði ekki að teljast mjög eftirminnilegt.



Eiga yngstu börnin heima í leikskólum?

Steindór Tómasson

Í dag, 6. febrúar, er haldið upp á Dag leikskólans í fjórtánda sinn. Pennan dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara sín fyrstu samtök. Leikskólar landsins halda upp á daginn með fjölbreyttum hætti og stuðla að umræðu um leikskólastarfið frá ýmsum sjónarhornum.

Í þessum pistli velti ég upp vistun og vistunartíma yngstu barnanna í leikskólunum.

Á tiltölulega fáum árum hefur bið eftir leikskólavist víða farið úr 24 mánuðum niður í 12 mánuði. Sveitarfélögin virðast þar vera að svara kalli þeirra sem þau telja helstu hagsmunaaðila, það er foreldra og atvinnulífs. Yngstu börnin hafa ekki rödd í samfélaginu. Óhætt er að segja að loforð um átta stunda leikskólavist frá 12 mánaða aldri er úr takti við allar rannsóknir og fræðigreinar um tengslamyndun barna við foreldra sína og ég sakna þess úr umræðunni að hugað sé að því hvaða hag 12-18 mánaða börn hafa af leikskólavist. Árgömlu börnin eru bara tekin inn á forsendum tveggja ára barna. Aðkoma ríkisins að málefnum yngstu barnanna er efni í aðra grein.

Síðustu áratugi hafa rannsakendur í auknum mæli rýnt í þroska barna og tengslamyndun út frá hagsmunum barnanna og talsvert til af efni um niðurstöðurnar, til dæmis handbókin góða „Fyrstu 1000 dagarnir“ eftir Sæunni Kjartansdóttur.

Í óbirtri skýrslu Harðar Svavarssonar leikskólakennara, <https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/skolavardan/2022/of-morg-born-i-of-litlu-plassi/> sem kemur út á Skemman.is næsta haust, kemur fram að leikrými barna í leikskólum er víða 1,37 fm, sem er álfka og venjulegt IKEA-barnarúm. Fagfólk telur að 5,7 fm ætti að vera lágmarksrými. Rannsókn Harðar sýnir að til þess að kreista út úr byggingunum eins marga fermetra og unnt er, þá er farið að miða við utannmál veggja auk þess sem grunn-



Steindór Tómasson

flötur er mældur án þess rýmis sem innréttingar eða starfsfólk tekur. Skýrslan heitir „Börnin í veggjunum“ og ætti að vera skyldulesning allra sem koma að rekstri leikskóla. Úr þessum aðstæðum forða margir starfsmenn leikskóla sér en börnin hafa ekki val.

Það er varla forsvaranlegt að bjóða yngstu börnunum upp á það að

» Sveitarfélögin svara kalli þeirra sem þau telja helstu hagsmunaaðila, það er foreldra og atvinnulífs. Yngstu börnin hafa ekki rödd í samfélaginu.

fara af heimilinu og beint í átta stunda vist í leikskóla og þrengja um leið að þeim sem fyrir eru. Aðlaga þarf börnin og miða við fjóra tíma á dag fyrstu sex mánuðina. Hina fjóra tímuna mætti bæta upp með myndarlegum heimgreiðslustyrk til foreldra barna 12-18 mánaða og slá þannig nokkrar flugur í einu höggi. Færri stöður þarf að manna, leikrými hvers barns eykst og síður þarf að fjárfesta í dýru húsnæði, því eins og staðan er í dag eru yngstu börnin oft hrein viðbót í rými flestra leikskóla. Í Rangárþingi ytra hafa heimgreiðslur til foreldra yngstu barnanna verið við lýði um nokkurn tíma og eru 80 þúsund krónur á mánuði. Auka mætti hvata foreldra til að nýta sér þær, til dæmis með því að þær skerðist ekki ef vistunartími barnsins fer ekki yfir fjóra tíma fyrstu sex mánuðina.

Leikskólinn er „vinnustaður“ barnanna og umræðan á að snúast um hagsmuni þeirra fyrst og síðast, út frá þeirra forsendum. Ef við byrjum þar græða allir. Börnin, starfsfólkið og samfélagið.

Höfundur er B.Ed. í leikskólakennarafræðum og vinnur í leikskólanum Laugalandi, Rangárþingi ytra. steindort64@gmail.com



Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingur segir að sá hluti verkefnisins, sem nú er í undirbúningi, hefjist í sumar ef styrkur fæst og er gert ráð fyrir verklokum um næstu áramót.
Mynd / Andrés Skúlason

Fornleifar á söguviði Njálu:

Stórbrotið menningarlandslag

Fornleifastofnun hefur sent erindi á Rangárþing ytra og Rangárþing eystra þar sem leitað er eftir samstarfi um miðlun upplýsinga um fornleifar á söguviði Njálu.

Kristborg Þórsdóttir hjá Fornleifastofnun fer fyrir verkefninu en hún hefur unnið við fornleifaskráningu í sveitarfélögunum á nánast hverju sumri í fimmtán ár og er því farin að þekkja aðalsöguvið Njálu mjög vel.

„Þar sem mikill áhugi er á Njálssögu, ekki síst heima í héraði, fannst mér það liggja beint við að nýta þann stóra gagnabanka um fornleifar á svæðinu sem við höfum safnað í um árabíl til þess að leiða fólk um söguvið Njálu og slá þannig tvær flugur í einu höggi með því að miðla upplýsingum um fornleifar á söguviðinu,“ segir Kristborg.

Menningararfur sem mótað hefur kynslóðir

Verkefnið snýst um að búa til kynningarefni um fornminjar á völdum sögustöðum í Njálu byggt á

fornleifaskráningu, sem þegar verið unnin fyrir sveitarfélögin á svæðinu og úr gagnagrunninum Sagamap.is. Ekki er verið að ýja að því að minjarnar tengist Njálssögu að öðru leyti en því að þær eru á stöðum sem koma við sögu í verkinu.

„Á hverjum stað verður tekið fram hvaða persónur og eða atburðir í sögunni tengjast staðnum. Markmiðið er að samtvinna menningararf sem fólgin er í ritverkum fyrri alda og í jarðföstum minjum sem saman mynda stórbrotið menningarlandslag og hefur haft áhrif á og mótað ótalmargar kynslóðir Íslendinga,“ segir Kristborg aðspurð og tilgang og markmið verkefnisins.

Verkefni á frumstigi

Að sögn Kristborgar er fyrstu umferð fornleifaskráningar lokið í Rangárþingi ytra og er komin vel á veg í Rangárþingi eystra. Í þeirri vinnu hefur margt forvitnilegt komið í ljós og mikill fjöldi merkra minja er á svæðunum báðum.

„Ég á ekki von á því að margar nýjar minjar komi í ljós í þessu tiltekna verkefni en það er sannarlega mögulegt. Verkefnið er á frumstigi og á vonandi eftir að þróast áfram. Sá verkhluti, sem er í undirbúningi og sótt hefur verið um styrki fyrir, er fremur smár í sniðum og ekki kostnaðarsamur.

Ef styrkur fæst verður vonandi hægt að nota afraksturinn til þess að þróa verkefnið áfram og hugsa stærra. Ekki hefur verið úthlutað úr sjóðnum sem sótt hefur verið um beint fjármagn til en þegar hefur verið komið á samstarfi milli Fornleifastofnunar Íslands við sagamap.is, sveitarfélögin Rangárþing ytra og Rangárþing eystra og Ferðafélag Rangæinga.

Þannig að viðtökurnar hafa verið góðar og greinilegt að mikill áhugi er á verkefninu,“ segir Kristborg. Raunhæft sé að áætla þrjú ár að lágmarki í stórt verkefni sem fæli í sér öflun gagna, ritun texta, hönnun og miðlun.

/MHH



Morgunblaðið, 18.02.2023, síðu 20, 21
grein stærð: 476.32 sm2
grein hæð: 18.31 sm

Áform um 5 stjörnu lúxushótel

ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson
Hellu



Legendary Hotels & Resorts

ehf. keypti nýverið 100 prósentu hlut í Hótel Hellu og til stendur að gera það að fjögurra stjörnu hóteli með 68 herbergjum. Þá hefur félagið einnig keypt svæði Árhúsa við Rangárbakka og ætlar að opna tvö hótél á svæðinu. Reiknað er með að svæði Árhúsa verði skipt upp í tvo hluta, annar hlutinn verði fimm stjörnu lúxushótel með alls tólf herbergjum og á hinum hlutanum verði byggt fjögurra stjörnu hótél með sjötfu herbergjum. Með þessum áformum er hætt við að hafa tjaldstæði og hjólhýsa-svæði.

Viðræður hafa farið fram á milli stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu (BR) og Landsvirkjunar (LV) varðandi samstarfssamning vegna eftirlits og brunavarna á þeim virkjanasvæðum sem eru innan lögsögu BR, bæði að því er varðar nýjar og eldri virkjanir. Einnig hefur sveitarstjórn fundað og verið í sambandi við fulltrúa LV um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar.

Nú er orðið allangt síðan þvottaplan fyrir bíla var á Hellu. Sveitarfélagið hefur nú gert samkomulag um afnot af þvottaplani sem staðsett er við Ægissíðu-hellana vestan við Hellu. Sveitarfélagið mun sjá um allan rekstur



Morgunblaðið/Óli Már

Skóli stækkar Viðbygging Grunnskólans á Hellu verður tekin í notkun næsta haust þegar nýtt skólaár hefst.

og stefnt er að því að opna þegar frosthörkur eru að baki.

Viðbygging Grunnskólans á Hellu er á áætlun og hefst kennsla þar næsta haust.

Í sumar verða 100 ár liðin frá byggingu Djúpósstíflu ofan við Pykkvabæ.

Menningarnefnd vinnur nú að undirbúningi þess að minnst þessa merka afreks með myndarlegum hætti.

Áhugasamir aðilar hafa sýnt áhuga á því að hefja rekstur byggingavörverslunar á Hellu.

Áætlað er að Vegagerðin muni nú í vor fara í að setja göngubrú

utan á brúna yfir Ytri-Rangá við Hellu og mun það auka verulega umferðaröryggi.

Deiliskipulagsvinna á Bjargslandinu vestan við Hellu og Ytri-Rangá er á lokametrunum og eru bundnar vonir við að hægt verði að kynna nýtt flúðasvæði fljótlega og mun þá ný göngubrú tengja byggðina saman.

Nú er verið að auglýsa breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra á þá leið að stækka 2 svæði og leggja til 7 ný svæði undir skógrækt. Stækkunin er 245 ha. og verður þá heildin rúmlega 1.900 ha. á þessum 9 svæðum.

Á dögnum var lögð fram beiðni um hvort sveitarfélagið ætti lausar lóðir til umsóknar sem gætu hentað undir byggingu nýrrar skógarplöntustöðvar en slík starfsemi þarf um 50 ha. lóð. Umsækjandi er í samstarfi við erlendan skógarplöntuframleiðanda. Sveitarstjóra var falið að vinna málið áfram.

Þorablót Rangvellinga fór fram í íþróttahúsinu á Hellu fyrir viku. Það hefur ekki verið haldið sl. 2 ár vegna Covid. Eins og oft áður voru á fimmta hundrað manns á blótinu og virtist fólk skemmta sér konunglega að venju. Þorablótsnefndin var með ýmiss konar söngatriði og leikþætti sem mæltust vel fyrir hjá þorablóts-gestum.



Jarðrækt og styrkir

Jarðrækt 2021-2022, hektarar*

	2021	2022	Breyting	
Garðrækt	539	548	9	2%
Gras	3716	3429	-287	-8%
Grænifóður	4379	3932	-447	-10%
Korn	3036	3450	414	14%
Olíujurtir	102	94	-8	-8%
Samtals	11.772	11.453		

*Miðað við greiðslu jarðræktarstyrkja

Styrkir 2021-2022, m.kr.

	2021	2022
Jarðræktarstyrkir	380	400
– sprettgreiðslur		259
Landgreiðslur	377	399
– sprettgreiðslur		259
Samtals, milljónir kr.	757	1.317

Kornrækt eftir héruðum 2022



Heimil:
Matvælaráðuneytið

	Hektarar	
	2021	2022
● Suðurland	1.778	1.910
● Vesturland	307	315
● Skagafjörður	306	366
● Eyjafjörður	304	387
● Húnaþing-Strandir	164	218
● Austurland	111	123
● S-Pingeyjarsýsla	61	127
● N-Pingeyjarsýsla	4	4
Samtals, hektarar	3.035	3.450

400 hektara aukning í korni

● Mesta kornræktin á Suðurlandi

Ræktun á korni jókst á síðasta ári. Sáð var í tæplega 3.500 hektara sem er líðlega 400 hekturum meira en á árinu 2021, að því er fram kemur í upplýsingum matvælaráðuneytisins um jarðræktarstyrki á nýliðnu ári. Aukning var í öllum héruðum. Uppskeyra var misjöfn, eins og komið hefur fram, en uppskerutölur liggja ekki fyrir.

Langmesta kornræktin er nú sem áður á Suðurlandi, þar sem sáð var í líðlega 1.900 hektara. Er það rúmlega helmingur þess lands sem sáð var í. Nánar skoðað eftir sveitarfélögum er Rangárþing eystra með mestu kornræktina, nærri 600 hektara, og kemur ekki á óvart þar sem Eyjafjöllin og Landeyjarnar eru innan vébanda þess. Mikil kornrækt er einnig í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Rangárþingi ytra og Flóahreppi, rúmlega 200 til rúmlega 300 hektarar í hverju sveitarfélagi. Eyjafjörður og Skagafjörður eru einnig mikil kornræktarhéruð, eins og sést á meðfylgjandi grafi.


Minna gras og grænifóður

Styrkir ríkisins til jarðræktar og

landgreiðslna samkvæmt búvörusamningum jukust mikið á síðasta ári, fóru úr 757 milljónum í 1.317 milljónir. Það skýrist svo til eingöngu af álagsgreiðslum vegna hækkingar á áburðarverði, svokölluðum sprettgreiðslum, sem ríkið greiddi út á síðasta ári.

Ræktun á grasi á tünnum heldur áfram að dragast saman. Þannig voru jarðræktarstyrkir greiddir út á líðlega 3.400 hektara á síðasta ári sem er 8% samdráttur. Tveimur árum áður var gras ræktað á tæplega 5.000 hekturum. Sömu sögu má segja um grænifóðurrækt, hún dróst saman um 450 hektara sem svarar til 10% minnkunar grænifóðurakra á milli ára. Ræktun á olíujurtum er lítil en svipuð og verið hefur undanfarin ár, en hún hefur verið á 90-100 hekturum á ári.

Heimilt er að greiða út sérstaka styrki úr jarðræktarhlutanum vegna tjóns sem bændur verða fyrir vegna ágangs fugla. Virðist hafa dregið úr tjóni af þeim ástæðum, allavega hafa færri bændur sótt um, því þeir styrkir námu 2 milljónum á síðasta ári en höfðu verið um 5 milljónir árin tvö þar á undan. helgi@mbl.is



Óveruleg umhverfisáhrif í Laugum

- Rangárþing ytra undirbýr byggingu þjónustumiðstöðvar á nýju svæði í Landmannalaugum
- Aukin umferð dregur úr upplifun ferðafólks en minna álag verður á sjálfu Laugasvæðinu

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Bygging þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum er í flestum umhverfisþáttum talin vera óverulega neikvæð. Þó eru áhrif á útivist og ferðaþjónustu annars vegar og ásýnd og landslag hins vegar talin nokkuð neikvæð. Það er heildar- niðurstaða umhverfismatskýrslu sem Rangárþing ytra hefur látið gera.

Landmannalaugar eru fjölsóttasti ferðamannastaður á hálendi Íslands. Koma þangað yfir 130 þúsund ferðamenn á ári. Mesta fjölgunin er í hópi þeirra sem staldra þar stutt við. Rangárþing ytra áformar að ráðast í endurbyggingu og frekari uppbyggingu í Landmannalaugum og á svæðinu við Námshraun við Sólvang.

Neikvæð áhrif á útivist

Staðfest deiliskipulag byggist á þeirri hugmynd að endurheimta tilfinninguna fyrir ósnortnum víðernum hálendisins á svæðinu við Laugahraunið. Gert er ráð fyrir að skáli Ferðafélags Íslands standi áfram á núverandi stað en ný mannvirki verði aðallega við Námshraun og þangað verði umferðinni beint.

Áhrif framkvæmdarinnar á útivist og ferðamennsku eru talin



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Landmannalaugar Mikil umferð er um þennan vinsælasta viðkomustað ferðafólks á hálendi Íslands.

verða nokkuð neikvæð. Byggist það á því að aukin uppbygging geti haft neikvæð áhrif á ferðamennsku á svæðinu þar sem víðernisupplifun myndi skerðast og uppbygging færi fram á ósnortnu svæði. Það myndi ýta undir neikvæð áhrif á

upplifun og ánægju ferðamanna. Á móti komi að verið sé að minnka umfang bygginga umtalsvert á sjálfu Laugasvæðinu og þar með styrkja náttúruupplifun þeirra sem þar dvelja.

Áhrif á ásýnd og landslag eru

sömuleiðis talin nokkuð neikvæð. Bent er á að framkvæmdin sé afturkræf þar sem mannvirkin verða reist á sulum og því auðvelt að fjarlægja þau. Ef vegur yrði fjarlægður myndu áreyrarnar jafna sig fljótt á ný. Hönnun mannvirkja

er sögð miða að því að þau falli vel að landinu, séð frá helstu útsýnis- svæðum og Fjallabaksleið.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu þjónustumiðstöðvar eru sögð felast í ásýndarbreytingum og raski á afmörkuðu svæði við Námshraun. Líklegt sé að ferðamenn fái neikvæða upplifun af framkvæmdinni og eru áhrifin metin varanleg og nokkuð neikvæð á rekstartíma. Á móti komi að lagt sé upp með að öll mannvirki og bílaumferð verði fyrir utan hið eiginlega Laugasvæði og það fært nær fyrra horfi.

Óveruleg eða engin áhrif

Áhrif á aðra landnotkun eru talin óveruleg og í samræmi við aðrar áætlanir sem gilda um svæðið. Framkvæmdin muni hafa óveruleg eða engin áhrif á fornleifar, jarðmyndanir, vatnafar og fuglalíf. Hins vegar eru talin verða nokkuð jákvæð áhrif á gróður og jarðveg á þeim forsendum að verið er að minnka umfang mannvirkja á svæði þar sem gróður er talinn hafa mest verndargildi og uppbygging annarra mannvirkja verði á frekar gróðursnaudu landi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt lokaútgáfu af matskýrslunni en umfjöllun Skipulagsstofnunar er ekki lokið.



Bændablaðið, 23.02.2023, síðu 14
grein stærð: 120.82 sm²
grein hæð: 7.81 sm

Hvolsvöllur:

Stefnt að byggingu björgunarmiðstöðvar

Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu hefur lýst því yfir að áhugi sé fyrir hendi að ráðast í byggingu björgunarmiðstöðvar á Hvolsvelli.

Verkefnið yrði í samvinnu við björgunarsveitina Dagrenningu og mögulega fleiri aðila. Fundað var með fulltrúum björgunarsveitarinnar nú í janúar þar sem málin voru rædd, meðal annars stærð og skipulag slíkrar byggingar ásamt álitlegum staðsetningum.

„Þetta er spennandi verkefni, sem á eftir að taka á sig mynd á




Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Mynd / Aðsend

næstu mánuðum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Um síðustu áramót varð sú breyting á að slökkvistjóri Brunavarna Rangárvallasýslu, Leifur Bjarki Björnsson, er kominn í 100% starf, sem var áður skilgreint 30% starf.

„Með því gefst okkur tækifæri til að byggja upp starfið og starfsemina til framtíðar, auka menntun og þjálfun starfsmanna, sinna eldvarnareftirliti og fleira,“ segir Anton Kári. /mhh



Vindmyllur í stað myllanna sem voru felldar jafnvel háðar umhverfismati

Tvær vindmyllur sem reisa á í stað tveggja sem felldar voru í fyrra við Þykkvabæ gætu þurft að fara í umhverfismat, segir Rangárþing ytra.

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL Fyrirtækið Háblær ehf. hyggst reisa tvær vindmyllur nærri Þykkvabæ á grunni vindmylla sem kviknaði í og voru síðan teknar niður í fyrra.

„Nýju vindmyllurnar verða minni en fyrri vindmyllur en um 50 prósent aflmeiri sökum tækniframfara,“ segir í greinargerð Háblæs til sveitarfélagsins Rangárþings ytra. Verða nýju vindmyllurnar 900 kílóvött á móti 600 kílóvöttum sem gömlu myllurnar voru.

Vindmyllurnar tvær norðan við þéttbýlið í Þykkvabæ voru reistar á árinu 2014. Voru vindmyllurnar í rekstri þangað til að það kviknaði í þeim báðum, fyrri vindmyllan brann sumarið 2017 en sú seinni í ársbyrjun 2022 eftir að hafa hætt rekstri vegna bilunar í október 2019,“ er rakið í greinargerð Háblæs.

Áformað er að setja upp nýjar vindmyllur sem ná í 46,6 metra hæð í stað 53 metra sem fyrri myllur voru. „Í hæstu stöðu munu spaðarnir ná 67,6 metra hæð,“ segir Háblær. Áður hafi spaðarnir náð 74 metra hæð – sem er jafnhátt Hallgrímskirkjuturni.

„Til að forðast misskilning er athygli vakin á því að þessar myllur eru mun lægri og með mun minni spada en þær vindmyllur sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum í tengslum við hugmyndir um vindorkuver víðs vegar á Íslandi. Í hæstu stöðu er hæðin einungis um þriðjungur af hæð þeirra vindmylla sem fjölmiðlar hafa fjallað um,“ segir Háblær.

Háblær segir umhverfisáhrif – þar með talin sjónræn áhrif – ekki umtalsverð og hljóðvíst „innan allra leyfilegra marka við íbúðarhús og önnur hús á svæðinu, jafnt nótt sem dag“, eins og segir í greinargerðinni. Bendir félagið á að mastur fyrirhugaðrar brúar yfir Ölfusá við Sel-



Í greinargerð Háblæs er þessi tölvugerða mynd sem sýnir mismuninn á hæð nýju og gömlu vindmyllanna til hægri.

MYND/HÁBLÆR



Eru möstur vindmyllanna ósköp smávægileg í samanburði og ólíkleg til að hafa mikil áhrif á upplifun ferðamanna.

Úr greinargerð Háblæs


Vindmyllur við Þykkvabæ

Fyrri vindmyllur voru í eigu Biokraft sem fór í þrot árið 2019. Háblær ehf. eignaðist eignir þrotabús Biokraft eftir að Eignabjarg ehf., félag í eigu Arion banka, tók þær yfir. Háblær fékk, með heimild Orkustofnunar frá 8. ágúst 2022, virkjunarleyfi Biokraft framselt. Háblær ehf. var stofnað sérstaklega til að taka niður fyrri tvær vindmyllurnar og reisa tvær nýrri í stað þeirra. Háblær ehf. er í eigu Eignabjargs og Qair Iceland, dótturfyrirtækis franska orkufyrirtækisins Qair.

foss verði umtalsvert hærra, eða 60 metrar.

„Þegar horft er til þess að langflestir ferðamenn sem koma til Þykkvabæjar verði búnir að keyra bókstaflega undir mun hærra og þykkara mastur, þá eru möstur vindmyllanna ósköp smávægileg í samanburði og ólíkleg til að hafa mikil áhrif á upplifun ferðamanna,“ segir Háblær.

Þrátt fyrir þetta álit Háblæs telur skipulags- og umhverfisnefnd Rangárþings ytra framkvæmdina gætu verið háða umhverfismati. „Skipulagsnefnd metur það einnig svo að áformin séu ekki að fullu í samræmi við stefnumótun um nýtingu á vindorku í Rangárþingi ytra,“ segir nefndin og nefnir þar sem dæmi viðmið um fjarlægð vindrafstöðva frá byggð og frístundasvæðum. ■



Rannsaka fornleifar víða um land í sumar

SVIÐSLJÓS

Guðmundur Magnússon
gudmundur@mbl.is



Rannsókn fyrri ára á manngerðum hellum í Odda hefur þegar leitt í ljós mikilvægar upplýsingar um aldur, gerð og nýtingu þeirra. Enn er þó mörgum mikilvægum spurningum ósvarað um gerð og þróun hellakerfisins, til hvers hellarnir voru notaðir og hvort breytingar hafi verið gerðar á nýtingu þeirra á því tímabili sem þeir voru í notkun. Hellarnir hafa verið aldursgreindir út frá gjóskulögum og virðast vera frá tímabilinu 950-1250/1300,“ segir Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingur sem stjórnar fornleifafræðingur á Odda á Rangárvöllum.

Verkefnið, sem er til þriggja ára, fékk á dögnum úthlutað 6,4 milljónum króna úr fornminjasjóði. Við það munu starfa 4-5 fornleifafræðingar á komandi sumri. Verkefnið er unnið á vegum Fornleifastofnunar Íslands sem er umsvífamesti aðilinn á sviði fornleifafræðinga hér á landi og fékk helming allra styrkja fornminjasjóðs í ár.

Kristbjörg segir að samanlög stærð hellakerfisins í Odda sé áætluð um 400 fermetrar og eru þá ekki talin með þau torfhlöðnu hús sem eru við hellismunna. „Stór hluti kerfisins hefur verið grafinn út strax um miðja 10. öld og eru þetta því með stærstu mannvirkjum sem fundist hafa frá því tímabili, ef ekki þau allra stærstu. Allt bendir til þess að hellarnir hafi verið notaðir fyrir búfénað, líklega nautgripi, en ekki er útilokað að fólk hafi hafst við í hluta hellanna á notkunartímanum,“ segir Kristbjörg. Í sumar verður haldið áfram að grafa upp stærri hrunda hellinn af tveimur sem eru á rannsóknarsvæðinu. Er markmiðið að grafa upp hellinn í heild sinni en hann er um 50 metra langur og 4-5 metra breiður.

107 milljónir til rannsókna

Samtals veitti fornminjasjóður nú um mánaðamótin 40 styrki að fjárhæð tæplega 107 milljónir króna. Hæsta styrkinn, 7 milljónir króna, fékk annað verkefni á vegum Fornleifastofnunar: rannsókn á verbúðaminjum í hættu á Höfnum á Skaga. Þar eru umfangsmiklar minjar sem eru í hættu vegna ágangs



Ljósmynd/Fornleifastofnun Íslands

Fornir hellar Yfirliksmynd af rannsóknarsvæðinu í Odda á Rangárvöllum.

sjávar. Minjarnar tengjast sjósókn, t.a.m. verbúðir, öskuhaugar, naust, þurrkreitir, hjallar og gryfjur.

Rannsóknirnar á Höfnum hófust árið 2008 þegar Byggðasafn Skagfirðinga skráði þar fornleifar en auk þess fóru starfsmenn Minjastofnunar Íslands á svæðið sumarið 2021 til að meta ástand minjanna. Í fyrra sumar fengu rannsóknir á Höfnum styrk úr fornminjasjóði. Markmiðið var að kanna hraða rofs á svæðinu og bera sjáanlegar minjar saman við þær minjar sem sást í fornleifaskráningu frá 2008, auk þess að kanna umfang, aldur og hlutverk þeirra minja sem voru að hverfa. Í fyrra voru fjögur snið teiknuð á þremur svæðum en auk þess teknir tugir borkjarna og grafnir fjórir könnunarskurðir. Mikill fjöldi af minjum kom í ljós við rannsóknirnar, margfalt fleiri en þær sem sjást á yfirborði. Talsvert fannst einnig af gripum og hvalbeinum og fyrstu niðurstöður gefa til kynna að auk sjósóknar hafi í Höfnum verið unnir gripir úr hvalbeini.

Fjöldmörg verkefni

Mörg forvitnileg verkefni eru á skránni yfir styrkveitingar fornminjasjóðs. Eitt þeirra snýr að því að varpa ljósi á svínahald til forna, en það hefur vakið athygli manna hve mörg örnefni og víða hér á landi tengjast svínum. Má þarf nefna Svínahraun, Galtafell, Gyltuskarð, Gríshól, Purkey og Svínshyl.

SAMSTARFSVERKEFNI

Fornminjar á Njáluslóð

Eitt verkefnanna sem styrk hlaut úr fornminjasjóði nefnist Fornminjar á Njáluslóð. Um er að ræða samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rangárbings ytra og eystra og Ferðafélags Rangæinga. Markmið þess er að gera söguvið Njálu aðgengilegra fyrir allan almenning og miðla upplýsingum um valda staði sem koma við sögu og þekktar fornar minjar sem þar er að finna. Er lítið á þetta verkefni sem fyrstu skref í víðameiri þróun á kynningarferni um Njális sögu og fjölþættri miðlun menningararfs í Rangárvallasýslu sem hægt verður að heimfæra á önnur svæði. Fram kemur á vefnum hvolsvollur.is að stefnt er því að láta hanna sérstakt smáforrit eða vefsíðu þar sem hægt verður að nálgast víðamiklar upplýsingar um Njális sögu sjálfa, örnefni, sögu svæðisins, fornminjar, fræðileg álitamál o.fl.



Skilur lítið eftir sig í sveitarfélögum

SVIÐSLJÓS

Kristján Jónsson
kris@mbl.is



Sveitarstjórnarmenn í sveitarfélögum þar sem orkuvinnsla fer fram á Íslandi leggja æ þyngri áherslu á að meira fjármagn vegna iðnaðarins skili sér á þeim svæðum en hingað til. Segja þeir lítið verða eftir í nærsamfélaginu þar sem skattar og gjöld fari að miklu leyti til ríkisvaldsins og sums staðar sé lítið um afleidd störf.

„Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu, til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan samngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög,“ segir meðal annars í bókun hjá Samtökum orkusveitarfélaga á fundi í febrúar:

„Við settum á laggirnar starfsnefnd fyrir sveitarfélögin í Samtökum orkusveitarfélaga en hlutverk nefndarinnar er að skoða þessi mál heildrænt. Ýmsir innan okkar raða hafa átt samtöl víða en verið er að ræða við ráðamenn, þingmenn og landeigendur og viljum við heyra fleiri sjónarmið í þessari vinnu,“ segir Ása Valdís Árnadóttir, formaður Samtaka orkusveitarfélaga, sem jafnframt er oddviti í Grfmsnes- og Grafningshreppi.

„Við viljum með þessu fylgja eftir vinnu samtakanna á undanförunum árum. Tveir starfshópar voru settir á laggirnar þar sem voru fulltrúar frá ríkisvaldinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum orkusveitarfélaga. Þessir starfshópar komust hins vegar ekki að neinni niðurstöðu varðandi skattlagningu orkumannvirkja. Samtök orkusveitarfélaga kærðu í kjölfarið skattafviltun til ESA þar sem ekki eru greidd fasteignagjöld nema af hluta orkumannvirkja. ESA komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri um ívilnun að ræða. Við þurfum að standa saman og finna leiðir til að nærsamfélagið fái eitt-hvað út úr orkuvinnslu, hvort sem það er vatnsafl, jarðhiti, vindorka eða eitthvað annað. Í bókun hjá okkur hvöttum við sveitarfélög til að setja niður fótinn því störf in í kringum orkuna byggjast að mestu



Ljósmynd/Landsvirkjun

Djórás Tölvugerð mynd af Hvammsvirkjun sem fyrirhuguð er.

upp á höfuðborgarsvæðinu en ekki í sveitarfélögum þar sem orkuvinnslan er. Hún hefur skilið lítið eftir sig í sveitarfélögum þótt vissulega fáum við einhver fasteignagjöld og ég geri ekki lítið úr þeim. En fasteignagjöld eiga bara við um hluta þessara mannvirkja.“

Engar tekjur í nærumhverfinu

Skipuð var starfsnefnd á stjórnarfundinum sem er ætlað að ítreka mikilvægi sjónarmiða sveitarfélaganna í orkuskiptunum og vinnslu raforku. Hefur hún jafnframt það hlutverk að vinna tillögur að breytingum varðandi tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi.


„Eftir því sem maður skoðar þessi mál betur þá sér maður að grunnleikreglurnar hvað varðar orkuvinnsluna hafa verið rangar. Við hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi erum ásamt Rangárþingi ytra með framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar í fanginu. Það verkefni sýnir skýrt að rangt er gefið hvað varðar sveitarfélögin. Þar er verið að fara í stóra og mikla framkvæmd eftir tuttugu ára undirbúning en ekki hefur verið skoðað hvaða áhrif hún mun hafa fyrir íbúana og nærsamfélagið. Meðan á byggingunni stendur verða vissulega einhver störf í nærumhverfinu en eftir það tekur bara við rekstrartími virkjunar,“ segir Haraldur Þór Jónsson formaður nefndarinnar en hann er jafnframt sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Haraldur bendir á að ekki þurfi annað en að keyra

um svæðið til að sjá að virkjanir hafi ekki bein áhrif á lífsgæðin á svæðinu. „Djórás- og Tungnaársvæðið er mikilvægasta orkuveituvæði þjóðarinnar. Það er nóg að keyra um sveitirnar, þá sér maður að verðmætin fara í burtu og ekkert verður eftir.“

Tekjustofnarnir eiga ekki við

Haraldur bendir á að tveir helstu tekjustofnar sveitarfélaga eigi ekki við í þessari umræðu.

„Orkuvinnsla þjónar ekki hagsmunum sveitarfélagsins í óbreyttri mynd eins og bókað var í sveitarstjórn hjá okkur. Átök um virkjanir hafa klofið sveitarfélagið í herðar niður þar sem fólk skiptist í fylkingar sem voru með eða á móti. Ég kom nýr inn á þetta svið eftir síðustu kosningar og maður sér að það er enginn ábati fyrir nærsamfélagið af þessari starfsemi. Sveitarfélögin hafa tvo tekjustofna, útsvar og fasteignagjöld, en þau eiga ekki við vegna þess að þau eru undanþegin fasteignasköttum. Ef þú tekur öll þessi orkumannvirki á Íslandi, hvort sem það eru virkjanir eða flutningslínur sem eru á fjórða þúsund kílómetrar, þá eru fasteignagjöldin af öllum þessum mannvirkjum lægri upphæð en af Hörpunni, Kringlunni og Smáralindinni. Orkuframleiðslan er niðurgreidd á kostnað samfélagsins þar sem mannvirkin eru. Lausnin er augljós. Við þurfum lög sem tryggja að nærumhverfið njóti ávinnings og þá tel ég að það verði miklu meiri sátt um hvar þarf að virkja og hvernig.“



Þekkt fólk í viðskiptalífinu á bak við vindmyllurnar

Erlend stórfyrirtæki eru helstu leikendur þegar kemur að hugsanlegri virkjun vinds á Íslandi. Í því skyni hafa þau fengið til liðs við sig fjölda fyrrverandi þingmanna. Þá liggja þræðir inn í íslenska stjórnábyrgð og allt inn í ríkisstjórn Íslands þegar kemur að vindorkuverkefnum sem gætu velt milljörðum króna.



Freyr Rögnvaldsson
freyr@heimildin.is

Hátt í fjórtíu vindorkuvirkjanakostir eru til skoðunar á Íslandi, mjög mislangt á veg komnir. Tvö fyrirtæki bera hitann og þungann af þeim áformum sem uppi eru og bæði eru þau að uppistöðu til íslenskra stórfyrirtækja, þó Íslendingar eigi í einhverjum tilvikum hlut í þeim eða stýri. Samanlagt koma umrædd tvö fyrirtæki, með eigendur í Frakklandi og Noregi, að yfir helmingi þeirra virkjanaáforma sem uppi eru.

En þó fyrirtækin umræddu sé í erlendi eigu þýðir það ekki að þau hafi ekki búið til tengingar inn í íslenska stjórnábyrgð og viðskiptalíf. Þvert á móti. Fyrirtækjunum tengjast þannig þingmenn, fyrrverandi og raunar einnig núverandi, með ýms-um hætti. Stórtækir leikendur í viðskiptalífinu á Íslandi koma sömuleiðis að verkefnum, eða standa í það minnsta ekki nema arms tengd frá þeim, jafnvel teplega.

Virkjun vindorku á Íslandi er ný af nálinni, í það minnsta svo einhverju nemur. Svo víðrið þó sem að með kalli eftir nýjum orkuskiptum vegna fyrirhugaðra orkuskipta, sem stjórnvöld stefna að, hafi skapast kapphlaup um að koma mögulegum virkjanakostum á framfæri. Í það minnsta svo þeir næðu inn í 4. áfanga rammaáætlunar. Það er jafnvel þó að fyrirtækin sem um ræðir vilji raunar alls ekki að vindorka heyrir undir rammaáætlun yfir höfuð. Eins og fjallað var um í Heimildinni í janúar.

Fyrrverandi þingmenn í fararbroddi
En hver eru þessi fyrirtæki sem um ræðir? Fyrst er rétt að nefna vindorkufyrirtækið QAIR Iceland ehf., í

eigu franska orkufyrirtækisins Quadran International. QAIR hefur uppi áform um uppbyggingu vindorkuvera á níu stöðum á landinu en þau áform eru ærið mislangt á veg komin.

QAIR Iceland á síðan 38,4 prósentu eignarhlut í Arctic Hydro ehf. sem er virkjanafyrirtæki sem heldur á virkjanarætti, meðal annars í Hólshá og Gónguskarðsá í Fnjóskadal, í Þverá í Vopnafirði, í Geitdalsá í Skriðdal og Hamarsá í Hamarsfirði.

Í eigendahópi Arctic Hydro er einnig Benedikt Einarsson, sonur Einar Sveinssonar, sem aftur er fóturbróðir Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra. Benedikt á 10,2 prósentu hlut í Arctic Hydro. Þá á Ingimundur Sveinsson, bróðir Einarssonar og fóturbróðir Benedikts, einnig hlutinn hlut í Arctic Hydro, 0,45 prósent. Aðrir hluthafar í Arctic Hydro eru meðal annars hjónin Finnur R. Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir, sem saman eiga 17,8 prósent í gegnum félag sitt Sneból.

Draga má þá ályktun, sé titið til þess hvaða Íslendingar hafa tengsl við QAIR Iceland, að fyrirtækið hafi gert í því að sækja til sín fólk með góð tengsl inn í íslensk stjórnábyrgð. Þannig er Trygvi Þór Herbertsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, stjórnarformaður fyrirtækisins. Raunar hefur Trygvi þó komið að hugsanlegum vindorkuverkefnum allt frá því að hann var starfsmaður fjárfestingafélagsins GAMMA.

Fleiri fyrrverandi þingmenn tengjast QAIR Iceland því Vilhjálmur Egiðsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður starfshóps sem Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði til að vinna greinabók um stöðu og áskoranir Íslands í orkuskiptum, hefur tekið að sér kynningarstarf fyrir félagið.

Vilhjálmur er raunar ekki aðeins að störfum fyrir QAIR heldur var hann ráðinn til kynningarstarfa fyrir fjögur vindorkufyrirtæki, Zephyr Iceland, EM Orku og Hafþórstaði ehf., sem



▲ Benedikt Einarsson
Benedikt er næststærsti eigandi Arctic Hydro á eftir QAIR Iceland. Hann og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra eru bræðrasynir.



allt eru fyrirtæki sem fjallað verður um hér. Fyrirtækin fjögur hafa stofnað með sér samtök sem þau kalla Vestanátt og réðu þau Vilhjálm sem starfsmann sinn. Meðal annars stýrði hann kynningarfundir fyrirtækjaanna í Borgarnesi í september síðastliðnum.

Lögmaðurinn Jón Jónsson hefur þá sinnt störfum fyrir Arctic Hydro, meirihluta eiganda QAIR Iceland, og komið fram sem talsmaður þess á Austurlandi. Jón rekur lögmannsstofuna Sökn á Egilsstöðum ásamt Hilmarí Gunnlaugssyni. Hilmar er fyrrverandi varahingmaður Sjálfstæðisflokksins og var sumarið 2022 skipaður af Guðlaugi Þór Þórðarsoni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem formaður starfshóps um nýtingu vindorku.

Land undir vindmyllugarð í eigu fjölskyldu Ásmundar Einarssonar
Langst eru áform QAIR Iceland um uppbyggingu vindorkuvera komin í Dalabyggð. Þar hefur sveitarfélagið

Framhald á næstu opnu ►

Eignarhald og áform um virkjun vinds

1 Reykjanesgarður
Framkvæmdaðili: HS Orka
Landeigendur: Grindavíkurbær, ríkissjóður Íslands, HS orka og einstaklingar
Áætlaður fjöldi vindmylla: 25
Áætluð orkuframleiðsla: 100 MW


2 Mosfellshöðarvirkanir 1 og 2.
Framkvæmdaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Ríkissjóður Íslands
Áætlaður fjöldi vindmylla: 30
Áætluð orkuframleiðsla: 150-200 MW


3 Brekkukambur
Framkvæmdaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Guðmundur A. Gunnarsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 8-12
Áætluð orkuframleiðsla: 50 MW

4 Myravirkjun
Framkvæmdaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Agnes Óskarsdóttir og Halldór Jónas Gunnlaugsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 15
Áætluð orkuframleiðsla: 75-100 MW

18%

af öllu uppsettu afri sem nú er í landinu gæti Klausursetsvirkjun framleitt.





30 Grímsstaðir
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland
Landeigendur: Sigursveinn Guðjónsson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 24
Áætluð orkuframleiðsla: 134 MW.

31 Slýjavirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Guðbrandur Magnússon og Kristín Lárusdóttir.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 15
Áætluð orkuframleiðsla: 75 MW.

32 Búrfell
Framkvæmdaaðili: Landsvirkjun
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 30
Áætluð orkuframleiðsla: 120 MW.

33 Haukadalsgarður
Framkvæmdaaðili: HS Orka.
Landeigendur: Ríkissjóður og einstaklingar.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 25
Áætluð orkuframleiðsla: 100 MW

34 Foss
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland.
Landeigendur: Hjörleifur Þór Ólafsson og Sigríður Jónsdóttir.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 10
Áætluð orkuframleiðsla: 45 MW

35 Hrótmúlavirkjun
Framkvæmdaaðili: Gunnbjörn ehf.
Landeigendur: Arnar Bjarni Eiríksson og Berglind Bjarnadóttir.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 22
Áætluð orkuframleiðsla: 85 MW.

36 Keldnavirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland.
Landeigendur: Drifa Hjartardóttir.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 6
Áætluð orkuframleiðsla: 40 MW.

37 Butra
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 7
Áætluð orkuframleiðsla: 18 MW.

38 Vindaborg í Þykkvabæ.
Framkvæmdaaðili: Háblær ehf.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 13
Áætluð orkuframleiðsla: 45 MW.

16 Vindheimavirkjun
Framkvæmdaaðili: Fallorka
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 10.
Áætluð orkuframleiðsla: 40 MW.

17 Norðanvindur
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland
Landeigendur: Norðurþing.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 11
Áætluð orkuframleiðsla: 61 MW.

18 Reyðarárgarður
Framkvæmdaaðili: HS Orka.
Landeigendur: Norðurþing.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 12
Áætluð orkuframleiðsla: 50 MW.

19 Hnotasteinn
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland
Landeigendur: Sigurður Árnason og Gunnar Páll Ólafsson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 34.
Áætluð orkuframleiðsla: 190 MW.

20 Brekknaheiði
Framkvæmdaaðili: Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 70
Áætluð orkuframleiðsla: 220 MW.

21 Sauðanesháls
Framkvæmdaaðili: Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 25
Áætluð orkuframleiðsla: 100 MW

22 Austurvirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Björn Erlendsson, Hákon Erlendsson, Jón Ársæll Þórðarson, Sigurðar R. Þórðarson og Vilhjálm Auðunn Þórðarson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 36-40.
Áætluð orkuframleiðsla: 250 MW.

23 Langanesströnd
Framkvæmdaaðili: Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 50
Áætluð orkuframleiðsla: 160 MW.

24 Bakkaheiði
Framkvæmdaaðili: Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 35
Áætluð orkuframleiðsla: 110 MW.

25 Viðvíkurheiði
Framkvæmdaaðili: Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 15
Áætluð orkuframleiðsla: 50 MW.

26 Sandvíkurheiði
Framkvæmdaaðili: Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.
Landeigendur: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 35
Áætluð orkuframleiðsla: 110 MW.

27 Lagarfoss
Framkvæmdaaðili: Orkusalan
Landeigandi: -
Áætlaður fjöldi vindmylla: 2
Áætluð orkuframleiðsla: 10 MW.

28 Klausturselsvirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Marteinn Óli Aðalsteinnsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 80-100
Áætluð orkuframleiðsla: 500 MW.

29 Þorvaldsstaðir
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland
Landeigendur: Björgvin Pétursson og Viðar Pétursson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 8.
Áætluð orkuframleiðsla: 45 MW.

11 Hrótvirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Ingimar Sigurðsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 15
Áætluð orkuframleiðsla: 75 MW.

12 Nónborgir
Framkvæmdaaðili: Vesturverk
Landeigendur: Hannes Guðmundur Hilmarsson og Kristín Guðbjörg Jónsdóttir.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 25
Áætluð orkuframleiðsla: 100 MW

13 Garpsdalur
Framkvæmdaaðili: EM Orka
Landeigendur: Hafliði Viðar Ólafsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 21.
Áætluð orkuframleiðsla: 88 MW.

14 Tjörn
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland
Landeigendur: Baldur Heimisson, Elin Lilja Gunnarsdóttir, Elmar Baldurson og Olga Lind Geirsdóttir
Áætlaður fjöldi vindmylla: 10
Áætluð orkuframleiðsla: 56 MW.

15 Blöndulundur
Framkvæmdaaðili: Landsvirkjun
Landeigendur: Landsvirkjun.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 40
Áætluð orkuframleiðsla: 100 MW

5 Alviðra
Framkvæmdaaðili: Hafþórsstaðir ehf.
Landeigendur: Helgi Hjörvar, Einar Guðmann Órnólfsson og Hrafnhildur Grímsdóttir
Áætlaður fjöldi vindmylla: 10
Áætluð orkuframleiðsla: 50 MW.

6 Lambavirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Laufey Valsteinsdóttir, Þorsteinn G. Eggertsson og Eggert Ólafsson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 50
Áætluð orkuframleiðsla: 250 MW


7 Hálsvirkjun
Framkvæmdaaðili: Zephyr Iceland
Landeigendur: Gunnar Jónsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 15.
Áætluð orkuframleiðsla: 75

8 Múli
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland.
Landeigandi: Ólafur Ólafsson
Áætlaður fjöldi vindmylla: 13.
Áætluð orkuframleiðsla: 72 MW.

9 Hróðnýjarstaðir
Framkvæmdaaðili: Storm Orka
Landeigendur: Magnús B. Jóhannesson, Sigurður Eyberg Jóhannesson og Jóhannes Sigurðsson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 30
Áætluð orkuframleiðsla: 130 MW.

10 Sólheimavirkjun
Framkvæmdaaðili: QAIR Iceland.
Landeigendur: Daði Einarsson og Valdimar Einarsson.
Áætlaður fjöldi vindmylla: 27
Áætluð orkuframleiðsla: 162 MW.





Heimildin, 10.03.2023, síðu 18
grein stærð: 996.91 sm2
grein hæð: 38.33 sm

staðfest breytingu á aðalskipulagi vegna slíks vindorkuvers. Áætlað er að það rísi í landi Sólheima 1-2 á Laxárdalsheiði og hefur Tryggvi Þór, stjórnarformaður fyrirtækisins, sagt að gangi allt að óskum muni uppbygging þar hefjast árið 2026.

Eignarhald Sólheimajarðanna er sömuleiðis nátengt inn í íslenska pólitík. Landið er í eigu bræðranna Daða og Valdimars Einarssona, sem eiga sinn helminginn hvor í gegnum félag sitt. Daði er faðir Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns Framsóknarflokksins og félags- og barnamálaráðherra.

Félagið sem um ræðir hét áður SBHI ehf., þegar það var stofnað árið 2015, og var stofnandi þess og stjórnarformaður þá Sunna Birna Helgadóttir, kona Ásmundar Einarssonar. Ásmundur og Sunna keyptu jarðirnar tvær árið 2015 fyrir 75 milljónir króna með láni sem Íslandsbanki veitti SBHI ehf. og gekk Ásmundur Einar frá kaupunum samkvæmt undirrituðu umboði Sunnu Birnu. Sunna Birna sat sem stjórnarformaður í félaginu fram í janúar 2018, þegar Daði tók við stjórnartaumunum.

Ólafur Ólafsson vill virkja vindinn

Sem fyrr segir hafa fjögur vindorkufyrirtæki stofnað með sér samtökin Vestanátt en nafnið er táknrænt að því leyti að mikill fjöldi virkjanaáforma fyrirtækjanna er einmitt á Vesturlandi. Annað verkefni QAIR Iceland, sem einnig er komið á nokkurn reksþól, er þannig einnig á Vesturlandi, vindorkuver í landi Hvamms í Norðurárdal í Borgarbyggð. Þar stefnir í að matsferli hefjist á þessu ári. Hvammur er í eigu Festir ehf., félags Ólafs Ólafssonar, sem oftast er kenndur við Samskip. Ólafur er þekktur úr íslensku viðskiptalífi, meðal annars fyrir þátt sinn í Al-Thani málinu en fyrir það var hann sakfelldur í Hæstarétti í febrúar 2015 og dæmdur til fjögurra og hálfis árs fangelsisvistar.

QAIR Iceland hefur til skoðunar vindorkuverkefni á sjó stöðum til viðbótar. Lögð hefur verið fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna vindorkuvers á Hólaheiði á Melrakkasléttu, og dregur verkefnið nafn sitt af ornefninu Hnotasteini. Landsvæðið sem um ræðir er í eigu ábúenda á jörðunum.

Verkefnið á Hólaheiði er ekki hið eina sem QAIR hefur til skoðunar í Norðurþingi heldur hefur félagið einnig kannað möguleika á uppbyggingu á vindorkuveri skammt frá Húsavík sem hefur vinnuheitid Norðanvindur. Landið sem þar um ræðir er í eigu sveitarfélagsins sjálfs.

QAIR hefur þá til skoðunar uppbyggingu vindorkugarða í landi Tjarnar á Vatnsnesi, í landi Þorvaldsstaða í Breiðdal, í landi Grímsstaða í Meðallandi, í landi Butru í Fljótslíð og í landi Foss í Hrunamannahreppi. Jarðirnar eru allar í eigu einkaaðila, í flestum tilvikum bænda sem búa jarðirnar.

Áttu líka myllurnar sem voru felldar

Í Þykkvabæ stóðu árum saman tvær vindmyllur á vegum fyrirtækisins Biokraft ehf. Eldur kom upp í vélarhúsi annarrar myllunnar árið 2017 og gjöreyðilagði hana. Frægt varð í byrjun síðasta árs þegar myllan stóð af sér ít-rekaðar sprengingar í tilraun til að fella hana. Það hafðist þó að lokum og var seinni myllan einnig felld í september síðastliðnum.

Biokraft endaði í gjaldþroti árið 2019 en áður hafði félagið lagt inn tilkynningu til Orkustofnunar um hugsanlegt vindorkuver í Þykkvabæ. Félagið Háblær eignaðist hins vegar myllurnar og þá mögulegan virkjanarétt á svæðinu, í það minnsta áformar fyrirtækið að reisa þar tvær vindmyllur í stað þeirra sem felldar voru. Það gerist þó væntanlega ekki án þess að sú framkvæmd fari í umhverfismat, eftir að skipulags- og umferðarnefnd Rangárbæis ytra mælti með því. Eigendur Háblærs eru kunnuglegir, félagið er að 51 prósent í eigu Qair Iceland á móti 49 prósent hlut Arion banka.

Norðmenn vara Íslendinga við

Hinn stóri leikandi í vindorkusviðinu á Íslandi er Zephyr Iceland, dótturfyrirtæki norska vindorkufyrirtækisins



Zephyr AS sem á tæp 67 prósent í fyrirtækinu. Zephyr AS hefur þróað, reist og rekið vindmyllur víða í Noregi, og á stundum mætt mikilli mótsstöðu heimanna á hverju svæði fyrir sig. Meðal annars mótmæltu íbúar Haramsøya í Álasundi mjög uppsetningu átta vindmylla á Haramsfjalli, svo mjög að dómstólar máttu skera úr um lögmati áformanna. Heimamenn töpuðu því dómsmáli í maí árið 2021. Hinir sömu vindorkuandstæðingar í Noregi hafa einnig áhyggjur af áformum Zephyr á Íslandi og sendu þeir meðal annars bréf til Íslenskra stjórnmalamanna og fjölmiðla í byrjun árs 2021 þar sem varað var við fyrirtækinu. Í frétt norska ríkisútvarpsins um málið var tilgreint að Guðmundur Ingi Guðbrandsson, þáverandi umhverfisráðherra, hefði ekki viljað tjá sig um þær bréfasendingar.

Hinn eignarhlutinn í Zephyr Iceland, rúm 33 prósent, er í eigu Ketils Sigurjónssonar lögfræðings, sem hefur árum saman sérhæft sig í orkumálum. Svo snemma sem árið 2009 skrifaði Ketill skýrslu sem bar yfyrskriftina Virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi fyrir iðnaðarráðherra, sem þá var Össur Skarphéðinsson.

Stórkarleg áform fyrir austan

Zephyr Iceland hefur lagt fram matsáætlun vegna tveggja vindorkuverkefna. Annað verkefnið er Brekkukambur í landi Brekku í Hvalfirði. Brekka er að fullu í eigu Guðmundar Á. Gunnarssonar í gegnum félagið Brekkmann ehf. Á Brekku er frístundabyggð og gert ráð fyrir 60 lóðum undir frístundahús í deiliskipulagi. Í umhverfisstefnu sem birt er á heimasíðu félagsins Brekkmann, fyrir jörðina Brekku, segir meðal annars að stuðla skuli að „verndun menningar og náttúruminja á jörðinni Brekku“.

Hitt vindorkuverkefni Zephyr sem lögð hefur verið fram matsáætlun fyrir er í landi Klaustursels á Fljótsdalsheiði. Klaustursel er í eigu Marteins Óla Aðalsteinssonar, í gegnum félagið Aðal ehf., en Marteinn er ábúandi á jörðinni. Umrædd áform á Fljótsdalsheiði eru þau lang umfangsmestu sem eru til skoðunar þegar kemur að uppbyggingu vindorkuvers hér á landi. Fjöldi vindmylla þar er áætlaður á bilinu 80 til 100, og jafnvel meira, og áætluð orkuframleiðsla er 500 MW. Það er gríðarlega mikið í samhengi við að uppsett afl í landinu nú er um 2.800 MW. Það þýðir að ef af Klausturselsvirkjun yrði, og um raunhæfar tölur væri að ræða, þá myndi orkuframleiðsla vindorkugarðsins vera 18 prósent af öllu uppsettu afl í landinu nú um stundir.

Þekktur sjónvarpsmaður meðal landeigenda

Þá hefur Zephyr Iceland uppi áform um uppbyggingu vindorkuvers á Langanesi undir heitinu Austurvirkjun. Vindorku-

verið myndi rísa í landi Þriggja jarða, Eiðis I, Eiðis II og Ártúns. Jarðirnar eru allar í eigu sömu aðila, Björns og Hákonar Erlendssonar og Jóns Ársæls, Sigurðar R. og Vilhálms Auðuns Þórðarsona. Þeirra þekktastur er án vafa Jón Ársæll, sem um árabíl hefur verið meðal þekktustu sjónvarpsmanna landsins. Árum saman hafa eigendur jarðanna barist fyrir því að bandaríska hernum verði gert að hreinsa þann úrgang sem hann skildi við sig á Heiðarfjalli, sem er á jörðinni Eiði, en án þess að hafa erindi sem erfiði.

Önnur áform eru skemmrá á veg komin en hafa verið tilkynnt inn til Orkustofnunar og inn í 4. áfanga rammaáætlunar. Það eru áform um Mýravirkjun í landi Hundastapa á Mýrum, Lambavirkjun í landi Kvía í Þverárhlið, Hrutavirkjun í landi Kjörseyrar í Hrutafirði og Sljávirkjun í Meðallandi. Í öllum tilvikum er landið sem um ræðir í eigu einkaaðila, flestra bænda sem búa á jörðunum eða nytja þær.

Enn eitt verkefnið sem Zephyr Iceland hefur til skoðunar er Keldnavirkjun í landi Keldna í Rangárfingi ytra. Eigandi jarðarinnar er Drífa Hjartardóttir, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, en Drífa sat á þingi frá árinu 1999 og til ársins 2007.

Þá hefur Zephyr Iceland til skoðunar uppbyggingu vindorkuvers á Mosfellsheiði sem myndu, ef af yrði, rísa á Þjóðlendu í eigu íslenska ríkisins.

Að síðustu hefur Zephyr uppi áform um framkvæmdir við svokallaða Hálsvirkjun, sem myndi rísa í landi jarðarinnar Króks í Norðurárdal í Borgarbyggð, á svonefndum Grjóthálsi. Athygli vekur að virkjunaráformin þar eru sett fram í fullkominni óþökk landeigenda jarðarinnar, Gunnars Jónssonar skógræktarbónda þar. Í grein sem birtist í Bændablaðinu í október síðastliðnum skrifaði Gunnar meðal annars: „Kjarni þessa máls er hins vegar sá að mikill meirihluti þeirra íbúa og jarðeigenda sem hér eiga hlut að máli er eindregið andvígur öllum hugmyndum um vindorkurekstur á þessu svæði.“

Fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar með

Norðurárdalur í Borgarbyggð virðist vera mjög hagkvæmur staður til uppbyggingar vindorkuvers, að mati vindorkufyrirtækjanna. Áform um fjórðu framkvæmdina eru uppi hjá félaginu Hafþórsstöðum ehf. undir vinnuheitinu Alviðra. Sú virkjun myndi einnig rísa á svokölluðum Grjóthálsi, í landi jarðanna Hafþórsstaða og Sigmundarstaða. Eigendur Sigmundarstaða eru ábúendur á jörðinni en eigandi Hafþórsstaða er Helgi Hjörvar, fyrrverandi borgarfulltrúi og fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar. Helgi er sömuleiðis eini eigandi félagsins Hafþórsstaða ehf.

Fleiri erlendir aðilar hafa aðkomu

Af öðrum verkefnum sem eru í bígerð eða til skoðunar er það fyrirtækið HS Orka sem er hvað umfangsmest. HS Orka er í eigu evrópska innviðafjár-festingasjóðsins Ancala Partners að 50 prósentum og Jarðvarma slhf. að 50 prósentum, en það félag er í eigu íslenskra lífeyrissjóða. HS Orka hefur til skoðunar þrjú vindmylluverkefni. Eitt er á Reykjanesi, á landi sem er í eigu fyrirtækisins sjálfs, ríkissjóðs Íslands, Grindavíkurbæjar og einkaaðila. Annað er á Haukadalsheiði í Biskupstungum, á landi í eigu ríkissjóðs og hóps einkaaðila. Þriðja verkefnið er Reyðarárgarður, sem er á sama svæði og QAIR Iceland áformar að reisa vindorkuver skammt utan Húsavíkur.

Í því samhengi er rétt að nefna að fyrirtækið Vesturverk hefur til skoðunar virkjanakostinn Nónborgir við Kolbeinsá í Hrutafirði, á landi í einkaeigu bænda þar. Vesturverk er hins vegar að 80 prósentum í eigu HS Orku.

Núverandi sveitarstjórn bakkar

Þá hafa sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur sameiginlega tilkynnt til Orkustofnunar, fyrir hönd óstofnaðs félags, um sex hugsanlega virkjunarkosti. Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa Langanesbyggðar stendur þó ekki vilji til þess hjá núverandi sveitarstjórn að ráðist verði í nema eina af þeim framkvæmdum, vindmylluver á Bakkaheiði. Aðrir virkjanakostir sem um ræðir eru Brekknaheiði, Sauðanesháls, Langanesströnd og Viðvíkurheiði. Landeigendur eru ýmist ríkissjóður Íslands, sveitarfélögin sjálf eða einkaaðilar. Meðal þeirra eru ábúendur á Gunnarsstöðum. Frá Gunnarsstöðum er Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra og fyrrverandi formaður Vinstri grænna, sem jafnframt er skráður þar til heimilis.

Landsvirkjun hefur þá skilað inn tilkynningum vegna mögulegra vindorkuframkvæmda í Búrfellslundi, þar sem eru fyrir tvær rannsóknvindhvæmmyllur, og sömuleiðis í Blöndulundi í nálægð Blönduvirkjunar. Norðlenska orkufyrirtækið Fallorka hefur skilað inn gögnum um virkjanakostinn Vindheimavirkjun í Hörgárdal en fyrirtækið er að rúnum 98 prósentum í eigu Akureyrarbæjar. Þeim tæpu tveimur prósentum sem eftir standa skipta önnur sveitarfélög við Eyjafjörð milli sín, þar á meðal Hörgársveit.

Í Garpsdal við Gilsfjörð í Reykhólahreppi hefur fyrirtækið EM Orka hugmyndir um uppbyggingu vindorkugarðs. EM Orka er í eigu EMP Holdings sem er í eigu EMP IN og Vestas, sem er einn stærsti vindmylluframleiðandi í heimi. EMP er með höfuðstöðvar í Dublin í Írlandi. Garpsdalur er í eigu ábúanda á jörðinni.

Þá er ótalið að félagið Gunnbjörn ehf. hefur uppi hugmyndir um svonefnda Hrutmúlavirkjun, í landi Skáldabúða í Skeiða- og Gnúperjahreppi. Jörðin Skáldabúðir er í eigu félagsins en það eiga hins vegar þau Arnar Bjarni Eiríksson og Berglind Bjarnadóttir, bændur og atvinnurekendur í Gunnbjarnarholti í sömu sveit.

Ekki fyrstu hugmyndir um virkjanafarmkvæmdir

Að síðustu hefur félagið Storm Orka þá uppi áform um nýtingu vindorku í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð. Storm Orka er í eigu Magnúsar B. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra hjá bandaríska fyrirtækinu America Renewables, og Sigurðar Eyberg Jóhannessonar, doktors í umhverfisfræðum. Þeir bræður eiga jörðina Hróðnýjarstaði ásamt Jóhannesi Sigurðssyni föður sínum.

Athygli vakti árið 2017 þegar félag að mestu í eigu Magnúsar, MJDB, gerði tilboð í Hellisheiðarvirkjun en því var hins vegar hafnað af sveitarfélögunum sem eiga Orku náttúrunnar, eiganda virkjunarinnar.

Sigurður er þekktur fyrir að vera viðfangsefni heimildarmyndarinnar Maðurinn sem minnkaði vistsporið sitt, sem hann framleiddi ásamt Magnúsi bróður sínum. Auk þess má geta þess að Sigurður er einnig þekktur fyrir að vera söngvari rokksveitarinnar Deep Jimi and the Zep Creams. ●



Áformin gætu verið háð umhverfismati

● Endurnýjun á vindmyllum á borði Skipulagsstofnunar

Kristján Jónsson
kris@mbl.is

Möguleg endurnýjun á vindmyllum í Þykkvabæ er nú á borði Skipulagsstofnunar. Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra tók málið fyrir á fundi fyrr í mánuðinum en í fundargerð kemur fram að mat skipulagsnefndarinnar sé að framkvæmdin geti verið háð umhverfismati framkvæmda. Sveitarstjórnin tók undir þau sjónarmið.

Forsaga málsins er sú að reistar voru tvær vindmyllur um 500 metrum norðaustan við þéttbýlið í Þykkvabæ árið 2014. Báðar voru fjarlægðar á síðasta ári. Háblær ehf. hyggst reisa tvær nýjar vindmyllur á sömu undirstöðum. Í skýrslu verkfræðistofunnar Eflu kemur fram að vindmyllurnar verði minni en í krafti tækniframfara verði þær um 50% aflmeiri en hinar gömlu.

„Ef það yrði niðurstaðan að þær verði minni en aflmeiri þá er það til bóta heldur en hitt. Þetta er auðvitað flókið mál enda er staðsetningin nálægt byggð,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra, er blaðið hafði samband við hann í gær. „Málið er á borði Skipulagsstofnunar en það er einnig tæknilegs eðlis því það tengist einnig stækkun á virkjunarleyfi. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um það hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati framkvæmda og við bíðum rólegir eftir henni.“

Lægra en mastrið á nýrri brú

Jón segir að haldinn hafi verið ágætur íbúafundur í Þykkvabæ í lok febrúar þar sem framkvæmdaraðili kynnti áform sín. Skiptar skoðanir séu um framkvæmdir sem þessar en ekki séu hatrammar deilur eða flokkadrættir.

„Áformuð gangsetning er í september 2023 og áætlaður líftími vindmyllanna er 25 ár. Ef vindmyllurnar verða teknar niður að 25 árum liðnum verða þær teknar



Tölvumynd/Efla

Þykkvabær Nýju vindmyllurnar verða lægri og spaðarnir minni.



Tölvumynd/Efla

Selfoss Stefnt er að því að ný brú yfir Ölfusána verði tekin í notkun 2025.

í sundur á sambærilegan hátt og þær voru settar saman,“ segir m.a. í skýrslu Eflu.

Framkvæmdaraðilar telja áhrif framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu óveruleg. Á áfangastaðakorti Ferðamálastofu séu einu merktu áhugaverðu viðkomustaðirnir í nágrenninu sagðir fjaran og Þykkvabæjarkirkja. Þá verði nýju vindmyllurnar minni og fimmtán

metrum lægri en mastur á væntanlegri Ölfusárbrú sem verði 60 metra hátt.

„Þegar horft er til þess að langflestir ferðamenn sem koma til Þykkvabæjar verði búnir að keyra bókstaflega undir mun hærra og þykkara mastur, þá eru möstur vindmyllanna ósköp smávægileg í samanburði og ólíkleg til að hafa mikil áhrif á upplifun ferðamanna,“ segir í skýrslunni.



Vindorka við Vaðöldu

Landsvirkjun styður við vaxandi orkuþörf samfélagsins, innlend orkuskipti, framþróun núverandi viðskiptavina og ný tækifæri í stafrænni vegferð, nýsköpun og fjölnýtingu. Til að mæta aukinni raforkuþörf stefnum við að því að raungera fjögur virkjunarverkefni á árunum 2025-2027. Til að svo geti orðið skiptir miklu að leyfisveitingarferli sé bæði skilvirkt og árangursríkt.

Áætlað er að þessi verkefni skili a.m.k. 1.500 GWst af nýrri raforku árlega, sem nemur um 10% af raforkuvinnslu Landsvirkjunar á árinu 2022. Verkefnin eru: Búrfellslundur, Hvammsvirkjun, stækkun Þeistareykjastöðvar og stækkun Sigöldustöðvar.

Búrfellslundur

Haustið 2012 reisti Landsvirkjun tvær vindmyllur í rannsóknarskyni á Hafinu ofan við Búrfell. Reynsla af rekstri þeirra síðasta áratug hefur leitt í ljós að staðsetningin er óvenjuhagstæð.

Nú býr Landsvirkjun sig undir að taka skrefið til fulls og reisa fyrsta vindorkuverið á Íslandi – Búrfellslundur[1], en það er vinnuheiti verkefnisins. Áformað er að vindlundurinn rísi stutt frá Hafinu á svæði sem er umhverfis Vaðöldu, skammt neðan við stöflu Sultartangalóns. Uppsett afl verður 120 MW og orkuvinnsla er áætluð 440 GWst á ári, sem nemur tæplega 3% af orkuvinnslu Landsvirkjunar á árinu 2022.

Hæð og slit spaða

Á þeim árum sem Landsvirkjun hefur verið með verkefnið í þróun



Einar Mathiesen

hefur tækninni fleygt fram. Vindmyllur í dag eru allt að 300 metrar á hæð. Landsvirkjun hefur í gegnum þróun verkefnis leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum og því ákveðið að hæð á vindmyllum verði að hámarki 150 metrar. Turnhæðin er þá allt að 95 metrar og þvermál spaða getur numið allt að 130 metrum. Hver endanleg stærð verður ræðst af

niðurstöðum útboðs, en heildarhæðin verður þó aldrei meiri en 150 metrar. Afgeta hverrar vindmyllu í þessari stærð er á bilinu 4-5 MW. Því þarf 24-30 vindmyllur til að ná fram uppsettu afli fyrir Búrfellslundur.

Landsvirkjun hefur lagt mikið upp úr því að draga úr umhverfisáhrifum verkefnisins og hefur meðal annars látið vinna úttekt á helstu umhverfisáhrifum sem bygging og rekstur vindorkuvers hefur í för með sér. Í kjölfar greinrar sem birtist í Noregi fyrir allnokkru spannst mikil umræða um mengun af völdum örplasts frá spöðum. Rýni fjölmargra aðila á þessari grein bendir þó til að niðurstöður séu byggðar á röngum forsendum og að mengun af völdum örplasts sé ekki mikil.

Landsvirkjun hefur látið taka saman skýrslu um helstu umhverfisáhrif sem koma frá rekstri vindmylla og er hún aðgengileg á vef Landsvirkjunar.

Staða verkefnisins

Verkefnið hefur verið í þróun síðan árið 2012. Vindmælingar hófust 2014, umhverfismati lauk árið 2016 og ný útfærsla var lögð fram árið 2019. Verkefnið var samþykkt í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2022 og sótt var um virkjunarleyfi í upphafi vetrar 2022.

» Nú er verkefnið komið á beina braut og mikilvægt er að útfærslan verði í sem mestri sátt við samfélag og náttúru.

Síðasta vor var farið í markaðskönnun á evrópska efnahagssvæðinu með það að markmiði að fá framleiðendur til að mæta sínar vindmyllur inn í okkar umhverfi og aðstæður. Þá var jafnframt lagt mat á áætlaðan fjárfestingar- og rekstrarkostnað, en þeim hluta verkefnisins lauk í byrjun árs.

Nú er unnið að breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags í samráði við Rangárþing ytra og vonast er til að þeirri vinnu ljúki í haust. Í síðasta mánuði var gengið frá samningi um verkhönnun vindorkuversins. Ákvörðun um útboð verður tekin þegar undirbúningi lýkur og tilskilin leyfi liggja fyrir.

Lokaorð

Nú eru tólf ár liðin frá því að fyrstu hugmyndir um vindorkuver á Hafinu litu dagsins ljós. Aðdragandinn hefur verið langur og fyrir því eru margar ástæður. Nú er verkefnið komið á beina braut og mikilvægt er að útfærslan verði í sem mestri sátt við samfélag og náttúru. Ef allt gengur að óskum verður mögulegt að tengja orkuveridi við raforkuverið í lok árs 2025.

[1] Greinarhöfundur fjallaði um málefnið í grein á síðum blaðsins 3. nóvember 2022, undir fyrirsögninni „Við þurfum vind fyrir orkuskiptin“.

Höfundur er framkvæmdastjóri vinds og jarðvarma hjá Landsvirkjun.

8 10.04.2023 10.04.2023 9

smíð um smíði vettislokipa
 smíðingun er aðgerð í vettislokipum

ARNI TRYGGVASON 1929 - 2023

Kristján heils hugar í endurkjör

Hættugan þyrir kaffihúsi,
 heitir og heitir

Deildinger ná 1.000

RAFHJÓL

BREKKA?

Þú áttir hvernig á að tryggja þig

ÖRNINN

Morgunblaðið, 17.04.2023, síðu 9.
 grein stærð: 60.38 sm2
 grein hæð: 12.01 sm

Efasemdir um nafn á nýrri stofnun

Land og líf, Stofnun landgæða og Fold eru hugmyndir sem Árni Bragason landgræðslustjóri setur fram í umsögn um frumvarp matvælaráðherra til laga um sameiningu Landgræðslu og Skógræktarinnar. Gengið hefur verið út frá því að stofnunin verði nefnd Land og skógur. Árni telur hins vegar að það nafn sé „hvorki sérstaklega þjálft né heldur er auðvelt að átta sig á tengingu við verkefni og heiti eldri stofnana,“ eins og segir í umsögninni. Því megi skoða aðra nafnkosti.

Í umsögn Árna Bragasonar er tiltekið enn fremur að ef sameining tveggja fyrrgreindra stofnana eigi að heppnast þurfi leiðsögn í málafloknum að vera skýr. Þó stofnanirnar eigi margt sameiginlegt séu líka ákveðnir hlutir sem greina þær að, t.d. geta viðfangsefnið ræktun nytjaskóga og verndun vistkerfa stangast á.

Út um land er horft til tækifæra sem sameinuð stofnun getur skapað í héraði, sbr. umsagnir Skagafjarðar, Rangárbings ytra og skógarbænda á Austurlandi.



Morgunblaðið, 18.04.2023, síðu 1.
grein stærð: 85.41 sm²
grein hæð: 16.92 sm




Morgunblaðið/Rax

Þjórsá Hvammsvirkjun verður efst virkjana í neðanverðri Þjórsá.

Leyfi til framkvæmda nálgast

■ Vinna á vegum sveitarstjórna Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps við undirbúning ákvörðunar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár er vel á veg komin. Oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps á von á því að sveitarstjórn ákveði í næsta mánuði að gefa út framkvæmdaleyfi eða eftir atvikum að hafna því vegna skorts á gögnum. Oddviti Rangárþings ytra á von á að framkvæmdaleyfi verði gefið út fljótlega, að minnsta kosti fyrir sumarhlé sveitarstjórnar.

Verkfræðistofa hefur unnið drög að sameiginlegri greinargerð sveitarfélaganna vegna útgáfu framkvæmdaleyfis. Síðan taka sveitarstjórnirnar við og ganga frá gögnunum, hvor fyrir sig, og meta hvernig afgreiða skuli umsóknina. Landsvirkjun vinnur áfram að undirbúningi framkvæmda, þótt endanlegt leyfi liggi enn ekki fyrir, meðal annars að rannsóknum á virkjanasvæði, undirbúningi útboða á vegum og forvali aflvéla. » 6



Framkvæmdaleyfi á lokastigi

- Sveitarfélög afgreiða umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun á næstunni
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur ekki að skipulagi Búrfellslundar vegna óánægju með lagaumgjörð

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



Vinna á vegum sveitarstjórna Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps við undirbúning ákvörðunar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár er vel á veg komin. Oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps á von á því að sveitarstjórn ákveði í næsta mánuði að gefa út framkvæmdaleyfi eða hafna því vegna ágalla á gögnum. Oddviti Rangárþings ytra á von á að framkvæmdaleyfi verði gefið út fljótlega, að minnsta kosti fyrir sumarhlé sveitarstjórna.

Verkfræðistofa hefur unnið drög að sameiginlegri greinargerð sveitarfélaganna vegna útgáfu framkvæmdaleyfis. Síðan taka sveitarstjórnirnar við og ganga frá gögnunum, hvor fyrir sig, og meta hvernig afgreiða skuli umsóknina. Landsvirkjun sótti um framkvæmdaleyfið um miðjan desembermánuð og það er lokapunkturinn á tímafrekri vinnu við að afla leyfa til að hefja framkvæmdir við virkjunina. Báðar sveitarstjórnirnar staðfestu skipulag vegna virkjunarinnar fyrir rúmu ári og á síðasta ári fékk Landsvirkjun virkjanaleyfi hjá Orkustofnun.


Afgreidd fljótlega

Barátta Samtaka orkusveitarfélaga fyrir sanngjarnari skiptingu fjármuna og meiri tekjum til nærsamfélaga virkjana hefur tafið vinnu við undirbúninginn. Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra, segir að menn hafi aðeins viljað sjá hvernig mál þróuðust. Staðan hjá Rangárþingi ytra sé þó sú að umsókn um framkvæmdaleyfi verði afgreidd fljótlega, segist hann eiga von á því að það gerist fyrir sumarleyfi sveitarstjórna.

Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir að þótt menn séu óánægðir með ýmislegt í lagaumhverfi varðandi virkjanir beri sveitarstjórnunum að fara að lögum og reglum og afgreiða umsóknir um framkvæmdaleyfi. Sú vinna snúist mest um að fara yfir umsóknina og þær 1.000 blaðsíður af gögnum sem henni fylgja til að athuga hvort fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulag. Reiknar hann með að þessari vinnu ljúki í næsta mánuði með ákvörðun sveitarstjórnar. Annaðhvort verði ákveðið að gefa út framkvæmdaleyfi eða því hafnað vegna skorts á gögnum eða ágalla á framlögðum gögnum.

Búrfellslundur ekki á skipulag

Stöðvarhús Hvammsvirkjunar verður í Rangárþingi ytra og af því fær



Tölvuteikning/Landsvirkjun

Virkjunarsvæði Þjórsá verður stífluð við Haga og vatnið leitt í stöðvarhús á vesturbakkanum. Vatnið fer um frárennslisgöng og -skurð aftur út í ána.



Haraldur Þór Jónsson



Eggert Valur Guðmundsson

sveitarfélagið fasteignaskatt en rask vegna framkvæmda er alveg eins eða jafnvel meira í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en stífla og önnur slík mannvirki eru undanþegin fasteignaskatti. Sömu sögu er að segja um fyrirhugaðan vindorkugarð Landsvirkjunar, Búrfellslund. Allar vindmyllurnar verða í Rangárþingi ytra en flutningsmannvirki fara um Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Landsvirkjun hefur sótt um virkjanaleyfi til Orkustofnunar og óskað eftir því við sveitarfélögin að garðurinn verði settur á skipulag.

Samkvæmt lögum ber sveitarstjórnunum að setja framkvæmdir sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar á skipulag innan fjögurra ára. Búrfellslundur er í nýtingarflokki og

HVAMMSVIKJUN Í NEÐRIHLUTA ÞJÓRSÁR

Áfram unnið að undirbúningi



Ragnhildur Sverrisdóttir

Þótt framkvæmdaleyfi liggja ekki fyrir mun Landsvirkjun vinna áfram að undirbúningi virkjunar á næstu vikum. Í þessum mánuði verða grafnir rannsóknaskurðir niður á klöpp á nokkrum stöðum á virkjunarsvæðinu, nánar til tekið á skika sem skipt hefur verið út úr landi jarðarinnar Hvamms 1 og er í eigu Landsvirkjunar. Samkvæmt upplýsingum Ragnhildar Sverrisdóttur upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar verður jafnframt hugað að útboðum. Þjóða þarf út viðgerðir á Hvammsvegi og leggja nýjan aðkomuveg að fyrirhuguðu stöðvarhúsi en efni í hann verður tekið úr

frárennslisskurði væntanlegrar virkjunar. Loks þarf að huga að því að gera vinnuþlön og skapa ýmiskonar aðstöðu aðra. Í þessum mánuði hefst einnig forval á framleiðendum aflvéla fyrir virkjunina. Ragnhildur leggur áherslu á að engar framkvæmdir hefjist við virkjun eða lagningu vega fyrr en framkvæmdaleyfi sveitarfélaganna liggja fyrir. Hvammsvirkjun verður 95 MW vatnsaflsvirkjun, sú efsta af þremur mögulegum virkjunum í neðrihluta Þjórsár.

Skipulag vegna Hvammsvirkjunar er frágengið, bæði aðal- og deiliskipulag. Landsvirkjun hefur tryggt sér land- og vatnsréttindi. Þá hefur fyrirtækið fengið virkjanaleyfi hjá Orkustofnun og flest önnur tilskilin leyfi og umsókn þess um framkvæmdaleyfi er til umfjöllunar hjá Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

einnig Blöndulundur á virkjanasvæði Blönduvirkjunar. Haraldur segir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur sé ekki að vinna að skipulagsmálum þessa orkukosts og muni að óbreyttu ekki gera það. Sveitarstjórn muni nýta sér heimild til að óska eftir að skipulagsvinnunni verði frestað um 10 ár og eftir það beri að meðhöndla virkjanakostinn eins og hann sé í biðflokki. Segir hann ekki tímabært að heimila þessa virkjun fyrr en búið verði að laga lagaumgjörðina, þannig að nærsamfélagið gjaldi ekki fyrir framkvæmdina heldur njóti hennar. Sama gildi um aðra virkjanakosti innan sveitarfélagsins. „Þetta snertir flest sveitarfélög landsins því framleiðsla og flutningur orku fer víða fram. Það þarf að vera hægt að framleiða orku og flytja hana í sátt við nærsamfélagið á hverjum stað,“ segir Haraldur.

Þess ber að geta að Rangárþing ytra hefur ekki lýst yfir skipulagsstöðvun nýrra virkjana, eins og Skeiða- og Gnúpverjahreppur og fleiri sveitarfélög hafa gert. Eggert Valur segir þó að sveitarstjórn vilji hinkra við og sjá afrakstur vinnu starfshóps umhverfisráðherra um nýtingu vindorku almennt í landinu.



◀ **Fjallahringur** Tölvuteikning sem sýnir vindmyllurnar tvær sem Háblær hyggst reisa við Þorpið í Þykkvabæ. Eyjafjallajökull skartar sínu fegursta í baksýn.
MYND: ÚR GREINARGERÐ HÁBLÆS

„Mannvirkin munu því rísa og spaðarnir munu snúast“

Forsvarsmenn Háblæs, sem hyggst reisa á ný vindmyllur í Þykkvabæ, hafa eftir „gárungunum“ að einu dauðu fuglarnir á svæðinu séu á grillum bíla. Ein veiðibjalla hafi mögulega flogið á vindmyllurnar að sögn bónda. Háblær segir heimilisketti afkastameiri fugladrápara. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að uppsetning vindmylla þurfi ekki í umhverfismat var kærð.



Sunna Ósk Logadóttir
sunna@heimildin.is

Í búi hefur kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að bygging tveggja nýrra vindmylla um 500 metrum frá þorpinu í Þykkvabæ þurfi ekki að fara í umhverfismat. Fyrirtækið Biokraft reisti tvær vindmyllur á sama stað árið 2014. Þær eyðilögðust í eldsvoða og voru teknar niður síðasta haust.

Biokraft fór í þrot og eignir félagsins enduðu í fangi Eignabjargs, félags í eigu Arion banka. Nú er það Háblær ehf. sem hyggst reisa vindmyllur á sama grunni og á grundvelli sama skipulags. Það félag er í eigu Arion banka og Qair Iceland, dótturfyrirtækis franska orkufyrirtækisins Qair.

Blekkningum beitt til að afla fylgis

Kristín Bjarnadóttir í Stóra-Rimakoti í Þykkvabæ, sem kærir ákvörðun

Skipulagsstofnunar, segir ýmislegt benda til að ekki hafi verið rétt staðið að deiliskipulagsferli árið 2013. Ekkert bendi til að málið hafi farið í grenndarkynningu, sem sé eitt af skilyrðum fyrir deiliskipulagsbreytingum. „Þegar málið var fyrst kynnt meðal íbúa þá var því unnið fylgi með blekkingum á borð við að Kartöfluverk-smiðjan í Þykkvabæ og íbúar myndu njóta góðs af lægra raforkuverði ef það yrði framleitt hér í túnfætinum,“ segir Kristín í kærinni. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir „á nokkurn hátt“. Vill hún að nýtt umhverfismat verði unnið og að sveitarfélagið hafi formlega grenndarkynningu.

Í greinargerð Háblæs til Skipulagsstofnunar, þar sem spurt var um hvort framkvæmdin ætti að fara í umhverfismat, kemur fram að vindmyllurnar yrðu í hæstu stöðu 67,6 metrar á hæð. Þær eldri voru 74 metrar.

Bent er á að allir innviðir séu þegar til staðar, þ.m.t. vinnuþlön, aðkomuvegur og tenging við raforkuverfi.

Með heimild Orkustofnunar fékk Háblær virkjunarleyfi Biokraft framselt. Það leyfi er enn í gildi. Hins vegar yrði uppsett afl vindmyllanna tveggja meira en leyfið kveður á um, færir úr 1,2 MW í 1,8, og hefur fyrirtækið því sótt um endurnýjun þess.

Ekki í fullu samræmi við stefnu

Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra, sem Þykkvabær er innan, fjallaði um áform Háblæs á fundi í byrjun mars og gaf umsögn um málið. Hún var á þá leið að framkvæmdin gæti verið háð umhverfismati framkvæmda. Þá mat nefndin það einnig svo að áform um að byggja vindmyllur á svæðinu á ný væri ekki í fullu samræmi við stefnumótun um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu, m.a. hvað varðar fjarlægð vindmylla frá byggð og frístundasvæðum.

Vindmyllurnar verða settar upp – sama hvað

Í svörum Háblæs við umsögn nefndarinnar sagði að stefnumótun væri ekki afturvirk og að gert sé ráð fyrir myllunum í gildandi aðal- og deiliskipulagi. Það eina sem þurfi til að verkefnið verði að veruleika sé

byggingarleyfi sveitarfélagsins og starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins. „Það liggja engar forsendur fyrir því að þessi leyfi verði ekki gefin út. Búið er að kaupa vindmyllurnar og verða þær reistar og framleiðslan takmörkuð við 1,2 MW þangað til að uppfært virkjunarleyfi fyrir 1,8 MW fæst. Mannvirkin munu því rísa og spaðarnir munu snúast.“

Eftir að ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir gaf byggingarfulltrúi Rangárþings ytra út byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni. En vegna kærunnar er málið enn í ferli að sögn sveitastjóra.

Elsta sveitaþorp landsins

Þykkvabær og nærumhverfi einkennist af miklu flatlendi. Í þorpinu bjuggu 86 manns í byrjun síðasta árs og er þéttbýliskjarninn, sem myllurnar myndu rísa við, þéttastur fyrir mikla kartöflurækt. Þetta er talið elsta sveitaþorp á Íslandi og í 900–1000 ár eina sveitaþorpið á landinu.

Flatlendið undan suðurströndinni er þjóðbraut farfugla að vori og hausti. Á þetta hefur Náttúrufræðistofnun ítrekað bent. Fjöldi tegunda eigi þar viðkomu og tugþúsundir þeirra hafist

”**Gárungar í sveitinni tala um að einu dauðu fuglarnir sem sjáist séu framan á grillum þeirra bifreiða sem aka um sveitavegina í kring.** Einn skotveiðimaður höggvi „mun stærri skörð í íslenska fuglastofna en vindmyllurnar nokkurn tímann, jafnvel heimiliskettir sem ganga lausir eru afkastameiri“. Hér sé verið að ræða um svo fáa fugla að engin rök kalli á nauðsyn umfangsmikilla rannsókna. Skipulagsstofnun tekur hins vegar undir með Náttúrufræðistofnun að mikilvægt sé að ráðast í vöktun á fuglalífi á og við framkvæmdarsvæðið. Einnig þurfi að setja skýr ákvæði um fyrirkomulag vöktunar og mótvægisáðgerðir m.t.t. áhrifa á fuglalíf í virkjunarleyfið sem nú sé til endurskoðunar hjá Orkustofnun.

Forsvarsmenn Háblæs

við á túnnum og ökrum, einmitt í og við Þykkvabæ, áður en haldið er á áfangastað.

„Þegar horft er til þess að ekkert búsvæði raskast við endurnýjun vindmyllanna, og að ekki hefur orðið vart við breytingu á fuglalífi eftir að vindmyllurnar voru reistar 2014, né að fuglar séu að fljúga á þær í einhverjum mæli, og að nýju vindmyllurnar verði lægri en þær fyrri, þá er það mat framkvæmdaáðila að áhrif á fuglalíf verði óveruleg,“ fullyrða forsvarsmenn Háblæs.

Náttúrufræðistofnun setur í umsögn sinni hins vegar spurningarmerki við þá vöktun á fuglalífi sem fyrirtækið vísar til, þ.e. að landeigandi svipist um eftir ferðum fugla er hann fer að fódra skepnur sínar. Vöktun á áflugi þurfi að vera markviss. Þá skorti almennar upplýsingar um þéttleika fugla á svæðinu. Stofnunin mælir því með að Háblær láti framkvæma fuglarannsóknir svo hægt sé að byggja mat á áflugshættu á greinargóðum gögnum.

Fleiri fuglar á grillum bíla

Þetta eru að mati Háblæs alltof íþyngjandi kröfur „fyrir framkvæmd sem raskar engu og áralöng reynsla sýnir að áflug er lítið sem ekkert“. Er í svörum við umsögn Náttúrufræðistofnunar skrifað: „Gárungar í sveitinni tala um að einu dauðu fuglarnir sem sjáist séu framan á grillum þeirra bifreiða sem aka um sveitavegina í kring.“ Einn skotveiðimaður höggvi „mun stærri skörð í íslenska fuglastofna en vindmyllurnar nokkurn tímann, jafnvel heimiliskettir sem ganga lausir eru afkastameiri“. Hér sé verið að ræða um svo fáa fugla að engin rök kalli á nauðsyn umfangsmikilla rannsókna.

Skipulagsstofnun tekur hins vegar undir með Náttúrufræðistofnun að mikilvægt sé að ráðast í vöktun á fuglalífi á og við framkvæmdarsvæðið. Einnig þurfi að setja skýr ákvæði um fyrirkomulag vöktunar og mótvægisáðgerðir m.t.t. áhrifa á fuglalíf í virkjunarleyfið sem nú sé til endurskoðunar hjá Orkustofnun.

Vindaborg sem aldrei reis

Yfirlýst markmið Háblæs með þeirri framkvæmd að reisa vindmyllurnar tvær er að „öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla á Íslandi og tryggja fjölbreytta, endurnýjanlega orku til framtíðar“. Það var einnig markmið Biokraft á sínum tíma. Myllurnar tvær sem stóðu í um átta ár áður en þær voru rifnar niður, þá ónýtar eftir eldsvoða, voru settar upp í tilraunaskyni.

Því Biokraft hafði miklu stærri hugmyndir. Árið 2015 kynnti fyrirtækið verkefni, Vindaborg, 45 MW vindorkuver á sömu slóðum. Átti það að telja þrettán vindmyllur, mun hærrí og kraftmeiri en þær sem settar höfðu verið upp árinu fyrr. Vinna við umhverfismat hófst, matsáætlun var skilað til Skipulagsstofnunar en frum-matsskýrslan kom aldrei.

„Framangreind tillaga að staðsetningu vindmylla er glórulaus,“ sagði einn íbúinn í athugasemdum sínum við matsáætlun Vindaborgar sem átti að rísa í um 2 kílómetra fjarlægð frá Þykkvabæ. „Þessi framkvæmd mundi valda mikilli sjónmengun á fallegasta fjallahring á Suðurlandi.“

„Útilokað er að skipulagsyfyrirvöld í Rangárþingi ytra geti undir nokkrum kringumstæðum svipt heilt hverfi útsýni sínu með þessum hætti,“ sagði annar. „Stór hluti íbúa í Þykkvabæ hefur þegar lýst yfir andstöðu við hin tröllvöxnu áform.“

Ög sá þriðji sagði: „Lífið er ekki bara kartafli.“ ●



▲ **Logandi** Báðar vindmyllurnar sem stóðu við Þykkvabæ urðu eldi að bráð. MYND: SKJÁSKOT/VÍSIR



Morgunblaðið, 23.05.2023, síðu 11.
grein stærð: 206.18 sm²
grein hæð: 20.13 sm

Loo aftur á byrjunarreit

● Uppbygging að Leyni enn í biðstöðu

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur öðru sinni felld úr gildi þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að uppbygging malasíska athafnamannsins Loo Eng Wah að Leyni 2 og 3 í Land sveit skuli ekki sæta umhverfismati.

Eins og Morgunblaðið hefur greint frá hefur Loo unnið að uppbyggingu á svæðinu frá árinu 2019. Þar á að reisa allt að 200 fermetra þjónustuhús fyrir tjaldsvæði, allt að 800 fermetra byggingu fyrir veitingastað, verslun, móttöku og fleira og allt að 45 gestahús á einni hæð, sum þeirra 60 fermetra að stærð og kúluhús við hvert og eitt.

Áform Loos hafa hins vegar mætt harðri andstöðu landeigenda í nágrenni Leynis. Þeir telja uppbygginguna allt of stórtæka og hafa bæði gagnrýnt sveitarfélagið fyrir aðkomu þess að málinu og Skipulagsstofnun fyrir að taka ekki tillit til mengunarhættu við ákvörðun um umhverfismat enda sé uppbyggingin á skilgreindu fjarsvæði vatnsverndar.

Upplýsingar ekki fullnægjandi

Úrskurðarnefndin tekur undir áhyggjur hagsmunaaðila á svæðinu um að Skipulagsstofnun hafi ekki gefið nægjanlegan gaum af áhrifum á vatnsbúskap á svæðinu. Fullnægjandi upplýsingar hafi ekki legið fyrir. „Miðað við umfang framkvæmda og þess umhverfisálags sem þegar gætir á áhrifasvæði framkvæmdanna, að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem fram koma



Morgunblaðið/Hari

Leynir Loo Eng Wah við kúluhús sín og hjólhýsi að Leyni 2 og 3.

í 2. viðauka laga nr. 106/2000 og þeirra hagsmuna sem í húfi eru, verður að telja að rökstuðningi hinnar kærðu matsskylduákvörðunar skv. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 106/2000 hafi verið svo áfátt að vafi leiki á því hvort fullnægjandi upplýsingar hafi legið fyrir Skipulagsstofnun við undirbúning ákvörðunar, sbr. 10. gr. stjórn-sýslulaga. Verður þá að hafa í huga að grunnvatn sem mengast vegna ófullnægjandi fráveitu spillist. Þá er ekki að sjá að tekið hafi verið mið af meginreglum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála við meðferð hinnar kærðu ákvörðunar,“ segir í úrskurðinum.

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra, segir í samtali við Morgunblaðið að ekki liggi fyrir hver næstu skref í málinu verða. Hann kveðst búast við að það verði tekið fyrir á næsta fundi skipulags- og umferðarnefndar sveitarfélagsins.



Morgunblaðið, 24.05.2023, síðu 29.
grein stærð: 300.59 sm²
grein hæð: 11.67 sm

Borgin fær langhæstu gjöldin

Póroddur Bjarnason

tobj@mbl.is

Reykjavíkurborg er það sveitarfélag sem fær mestar greiðslur vegna fasteignagjalda hjá ríkinu.

Reykjavíkurborg fær um 3,2 milljarða króna í fasteignagjöld frá ríkinu vegna ársins 2022, sem er um 7,5% allra fasteignagjalda borgarinnar. Þetta er mun hærri upphæð en til dæmis Kópavogur og Hafnarfjörður fá, svo horft sé til samanburðar á þessum þremur stærstu sveitarfélögum landsins. Kópavogur fær tæpar 500 milljónir króna og Hafnarfjörður um 450 milljónir.

Þá fær Reykjavík einnig langhæstu greiðslurnar frá ríkinu vegna fasteignagjalda þegar þeim er deilt niður á fjölda íbúa. Þannig fær borgin rúmar 23 þúsund krónur frá ríkinu á hvern íbúa á meðan Kópavogur fær rúmar 14 þúsund krónur og Hafnarfjörður rúmar 15 þúsund krónur.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Háskóli Íslands er ein þeirra ríkisstofnana sem greiða fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar.

Akureyrarbær fær mest sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins eða rúmlega 410 milljónir króna. Fær bærinn um 21 þúsund

krónur deilt niður á hvern íbúa. Á meðal ríkisstofnana á Akureyri eru Fiskistofa og Jafnréttisstofa.

Alls fær Reykjavíkurborg um 2,7 milljarða króna í fasteignagjöld frá ríkinu umfram næsthæsta sveitarfélagið, Kópavog. Þetta stafar að því að langflestar ríkisstofnanir eru í Reykjavík og skipta þar stjórnsýslan, Landspítali og háskólasvæðið töluverðu máli. Á meðal sveitarstjórnarfólks er talað um að þetta sé „förgjóf“ Reykjavíkurborgar frá ríkinu.

Rangárþing ytra fær minnst

Sé rýnt nánar í tölurnar má sjá að stofn fasteignagjalda borgarinnar er rúmir 240 milljarðar króna en álagningarprósenta sveitarfélaganna er 1,32% fyrir ríkisstofnanir. Álagningarstofn Kópavogsbæjar er þannig tæpir 37 milljarðar króna og stofn Hafnarfjarðar rúmir 34 milljarðar króna.

Minnstu greiðslurnar vegna fasteignagjalda hjá ríkinu fær Rangárþing ytra, eða tæpar 200 þúsund krónur. Þá eru sjö sveitarfélög sem hafa engar tekjur af ríkisstofnunum.



Ágúst Sigurðsson, sem er nýráðinn fagstjóri á búfjárræktar- og þjónustusviði RML með starfsstöð á Selfossi. Mynd / Aðsend

Glaðbeittur starfsmaður í þjálfun

Ágúst Sigurðsson á Kirkjubæ á Rangárvöllum hefur nýlega tekið við starfi fagstjóra í búfjárrækt og þjónustu hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML).

Hann er með starfsaðstöðu hjá Búnaðarsambandi Suðurlands á Selfossi. Ágúst var áður sveitarstjóri Rangárbings ytra og þar áður rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. „Þessa dagana er ég glaðbeittur „starfsmaður í þjálfun“. Ég er að kynna mér verkefnið og finna út hverjar áherslurnar eru, hver gerir hvað og hvernig skipulagið er á vinnulagi og slíku. Ég þekki mörg verkefni sem unnið er að og stóran hluta starfsfólksins þekki ég úr fyrri störfum mínum eða af öðrum vettvangi. Ég veit því að verkefnið eru áhugaverð og samstarfsfólkið öflugt og starfið leggst því vel í mig,“ segir hann.

Ágúst er bívísindamenntaður með doktorspróf í búfjárrættfræði frá SLU í Svíþjóð. „Ég þrífst á því að sinna krefjandi og fjölbreyttum störfum og láta til mín taka eftir bestu getu án þess að gerast mjög þaulsætinn í hverju verkefni fyrir sig. Margt af því sem ég hef gert um ævina tengist með einum eða öðrum hætti landbúnaði og því þekki ég það svið ágætlega.“

Áfram þarf fólk að borða

Þegar Ágúst er spurður um stöðu landbúnaðarins heilt yfir stendur ekki á svari. „Tækifærin liggja víða og kannski nú sem sjaldan fyrr. Almennt er ekki skortur á áhuga fyrir verkefnum í landbúnaði og tækni og vísindum fleygir fram. Áfram þarf fólk að borða og spurn

eftir þjónustu sem sprettur fram í landbúnaði er svo sannarlega til staðar. Þetta stendur með okkur. Jafnvægi hinna ýmsu þátta þarf hins vegar að vera til staðar svo framtíðin haldist björt í landbúnaði. Nýting auðlinda þarf að vera skynsamleg og afrakstur starfseminnar hjá hverjum og einum að vera nægur. Þar liggur stóra verkefnið,“ segir Ágúst.

*Gagnagrunnar
stórkostleg auðlind*


Ágúst segir að það séu mjög spennandi tímar fram undan þegar búfjárræktin er annars vegar. „Aðferðir og tækni sem voru á hugmyndastigi fyrir tiltölulega fáum árum síðan eru nú komin á stig nýtingar og framkvæmda. Nýting erfðamengjaúrvals og greining arfgerða sem tengjast alls kyns verðmætum og áhugaverðum eiginleikum er nú staðreynd, líka hér við okkar aðstæður. Gagnagrunnar okkar um íslenskt búfé eru stórkostleg auðlind sem þarf að halda áfram þétt utan um og efla á alla lund. Áhugi á búfjárrækt er mjög almennur meðal íslenskra bænda, það er mikilvægt. Það sem þarf að hafa í huga hvað varðar árangur í flestum greinum búfjárræktar er að ræktunarstarfið er í rauninni samstarfsverkefni, ef einum gengur vel þá gagnast það öllum að verulegu marki,“ segir Ágúst. Hann bætir við að það skipti miklu að gagnasöfnun sé traust og almenn og að allir taki þátt í framkvæmd ræktunarstarfsins og leggi sitt af mörkum. Nauðsynleg tækifæri hvers og eins til að skara fram úr séu engu að síður til staðar.

/mhh



Tekjur og afkoma Þjótandi 2015-2022

- í milljónum króna



Hagnast um 2,3 milljarða króna á átta árum

Verktakafyrirtækið Þjótandi, sem staðsett er í Rangárþingi ytra og fæst við snjómokstur, jarðvinnu, vegagerð og aðra mannvirkjagerð sem tengist jarðvinnu, hagnaðist um 328 milljónir króna í fyrra. Árið áður nam hagnaður félagsins 588 milljónum króna en frá og með árinu 2015 hefur það samtals hagnast um rúmlega 2,3 milljarða króna.

Tekjur verktakafyrirtækisins námu tæplega 1,9 milljörðum króna á síðasta ári og jukust um 13% frá fyrra ári. Á tímabilinu 2015-2022 hafa samanlagðar tekjur félagsins numið tæplega 9 milljörðum króna. Rekstrargjöld námu tæplega 1,5 milljörðum króna í fyrra og jukust um 61% frá fyrra ári.

Eignir Þjótandi námu 3,2 milljörðum króna í lok síðasta árs. Þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir nærri 2,2 milljörðum króna en

vélar, áhöld og tæki félagsins voru metin á rúmlega 1,3 milljarða króna í bókum félagsins um síðustu áramót og fasteignir á 550 milljónir. Eigið fé nam nærri 2,6 milljörðum króna í lok síðasta árs og þar af var óráðstafað eigið fé rúmlega 2,5 milljarðar. Skuldir námu 653 milljónum króna í lok síðasta árs en engar vaxtaberandi skuldir hvíla á félaginu.

Stjórn félagsins lagði til við aðalfund að 25 milljónir króna verði greiddar í arð til hluthafa á yfirstandandi ári vegna síðasta árs. Enginn arður var greiddur til hluthafa félagsins á síðasta ári vegna ársins 2021, en árið 2021 voru 40 milljónir króna greiddar í arð vegna ársins 2020. Það var í eina skiptið á átta ára tímabilinu sem félagið greiddi út arð. Ólafur Einarsson og Steinunn Birna Svavarsdóttir eiga hvort um sig helmingshlut í verktakafyrirtækinu.

Morgunblaðið, 03.06.2023, síðu 65.
grein stærð: 45.13 sm²
grein hæð: 8.96 sm



Setja yfirfrakka á Landsvirkjun

■ Sveitarstjórnir Rangárbings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps munu skipa eftirlitsnefnd til að hafa eftirlit með því að öllum skilyrðum sem sett hafa verið vegna byggingar



Landsvirkjun Ný virkjun undirbúin.

Hvammsvirkjunar í Þjórsá verði fullnægt og tryggja að framkvæmdin verði í samræmi við leyfi. Hugsanlegt er að báðar sveitarstjórnirnar afgreiði tillögu um útgáfu framkvæmdaleyfis með skilyrðum til handa Landsvirkjun 14. júní næstkomandi.» 4

4. síða
Lítið gísterími á landsbygðinni

Pjóningur létu
muna íbúendur sína

Til að koma
í vegna

Sumarhátíð
Hyundai

Byrjunir álag 10.12.2023

Morgunblaðið, 03.06.2023, síðu 68.
grein stærð: 402.85 sm²
grein hæð: 26.09 sm



Þjórsá Athafnasvæði Hvammsvirkjunar. Virkjunin nýtir fall frá Búrfellsvirkjun og niður fyrir Ölmóðsey.

Skipa eftirlitsnefnd með framkvæmdum

● Umfjöllun um leyfi Hvammsvirkjunar er á lokastigi

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps munu skipa eftirlitsnefnd til að hafa eftirlit með því að öllum skilyrðum sem sett hafa verið vegna byggingar Hvammsvirkjunar í Þjórsá verði fullnægt og tryggja að framkvæmdin verði í samræmi við leyfi. Skipulagsnefndir beggja sveitarfélaganna hafa samþykkt að leggja til við sveitarstjórnir að framkvæmdaleyfi verði gefið út og má búast við að sveitarstjórnirnar afgreiði tillöguna á fundum um miðjan mánuðinn.

Landsvirkjun sótti um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun um miðjan desember. Síðan þá hafa sveitarfélögin unnið saman að greinargerð þar sem umsóknin er rýnd og tiltekin þau skilyrði sem sett verða í væntanlegu framkvæmdaleyfi. Greinargerðin var tilbúin 22. maí og hefur verið fjallað um hana í skipulagsnefnd- um sveitarfélaganna. Skipulagsnefnd uppsveita, sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur á aðild að, og skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra, leggja til við sveitarstjórnir að framkvæmdaleyfi

verði gefið út með þeim skilyrðum sem fram koma í greinargerðinni.

Greinargerðin verður kynnt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í næstu viku. Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri, segir stefnt að boðun sérstaks sveitarstjórnarfundar til að taka afstöðu til greinargerðarinnar og tillögu um útgáfu framkvæmdaleyfis. Hugsanlegt er að sá fundur verði 14. júní, sama dag og sveitarstjórn Rangárþings ytra kemur saman, og er greinargerðin og tillaga um útgáfu framkvæmdaleyfis einnig á dagskrá þess fundar. Ef þetta gengur eftir lýkur afgreiðslu sveitarstjórnanna sama daginn.

Nefndin blessi hvert stig

Það er óvenjulegt við afgreiðslu þessa framkvæmdaleyfis að sveitarstjórnirnar ákveða að nýta sé heimildir í skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi til að stofna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmdinni. Það hefur almennt ekki verið gert, að minnsta kosti ekki við framkvæmdir við virkjanir. Eftirlitsnefndin verður skipuð í samráði við aðra leyfisveitendur og Landsvirkjun.

Nefndin á að hafa eftirlit með því

að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett, sé framfylgt, og tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við leyfi. Nefndin á að skila af sér skýrslu um framkvæmd eftirlitsins við loks hvers áfanga. Sé settum skilyrðum ekki fullnægt á nefndin að krefjast úrbóta og tilkynna sveitarstjórnnum um frávik.

Eftirlitsnefndinni er ekki síst ætlað að fylgja eftir skilyrðum sem Fiskistofa setti við útgáfu síns leyfis fyrir framkvæmdinni, meðal annars um rannsóknir, vöktun og gerð neyðaráætlunar, enda eru þau tekin upp í greinargerð sveitarfélaganna. Fram kemur að útgáfa framkvæmdaleyfis sé háð því að skilyrðin verði uppfyllt áður en framkvæmdir hefjast í árfarvegi Þjórsár. Samkvæmt því verður ekki hægt að hefjast handa við stífluframkvæmdir í ánni fyrr en rannsóknnum í ánni verður lokið.

Hvammsvirkjun er fyrsta virkjunin í neðrihluta Þjórsár, 95 MW að uppsettu afli. Hún mun nýta fall Þjórsár neðan Búrfellsvirkjunar, frá svokölluðu Yrjaskeri rétt ofan við bæinn Haga og niður fyrir Ölmóðsey, austan við Þjórsárholt.



Verkföll aðildarféлага BSRB

Frá 5. júní

Hafnir í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð til 16. júní. Ölfus til 5. júlí.

5. júní til 17. júní

Áhaldahús og þjónustumiðstöðvar í 14 sveitarfélögum.

Mosfellsbær	Suðurnesjabær	Akranes	Snæfellsbær
Seltjarnarnes	Grindavíkurbær	Akureyri	Stykkishólmur
Árborg	Vogar	Fjallabyggð	
Reykjanesbær	Vestmannaeyjar	Skagafjörður	

5. júní til 5. júlí

Bæjarskrifstofur og ráðhús í 25 sveitarfélögum.

Kópavogur	Reykjanesbær	Akranes	Ísafjörður
Hafnarfjörður	Suðurnesjabær	Norðurþing	Skagafjörður
Mosfellsbær	Grindavíkurbær	Akureyri	Snæfellsbær
Garðabær	Vogar	Borgarbyggð	Stykkishólmur
Seltjarnarnes	Vestmannaeyjar	Dalvíkurbyggð	
Árborg	Norðurþing	Fjallabyggð	
Hveragerði	Seltjarnarnes	Grundarfjörður	

Leikskólar í 21 sveitarfélagi.

Kópavogur	Rangárþing eystra	Vogar	Skagafjörður
Mosfellsbær	Mýrdalshreppur	Vestmannaeyjar	Snæfellsbær
Garðabær	Bláskógabyggð	Borgarbyggð	Stykkishólmur
Seltjarnarnes	Grímsnes- og	Fjallabyggð	Dalvíkurbyggð
Árborg	Grafningshreppur	Grundarfjörður	
Hveragerði	Grindavíkurbær	Ísafjörður	



Heimild: BSRB

Frá 5. júní, ótímabundið

*Íþróttahöll til 17. júní

Sundstaðir og íþróttamiðstöðvar í 23 sveitarfélögum.

Kópavogur	Hveragerði	Reykjanesbær	Dalvíkurbyggð
Hafnarfjörður	Rangárþing eystra	Suðurnesjabær	Fjallabyggð
Mosfellsbær	Rangárþing ytra	Grindavíkurbær	Grundarfjörður
Garðabær	Bláskógabyggð	Vestmannaeyjar	Skagafjörður
Árborg	Grímsnes- og	Akureyri*	Snæfellsbær
Ölfus	Grafningshreppur	Borgarbyggð	Stykkishólmur

Vinnuskólar í Borgarbyggð og á Akureyri.

Almenningssamgöngur á Akureyri.

Viðtækustu verkföllin

JÚNÍ

JÚLÍ

Áhaldahús og þjónustumiðstöðvar 5. júní 17. júní

Bæjarskrifstofur, ráðhús og leikskólar 5. júní 5. júlí

Sundstaðir og íþróttamiðstöðvar 5. júní Ótímabundið

Viðtækar verkfalls- aðgerðir á landinu

● Boðað til fundar í dag ● Aðeins eitt atriði til fyrirstöðu

Iðunn Andréadóttir

idunn@mbl.is

Verkfallsaðgerðir félagsfólks BSRB hófust í 29 sveitarfélögum í gær. Samningaviðræður BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) hafa staðið yfir um nokkurn tíma og voru báðir aðilar hjartsýnir fyrir helgi. Fundi lauk seint og um síðir aðfaranótt mánudags, án niðurstöðu. Að sögn Sonju Ýrar Þorbergsdóttur, formanns BSRB, er aðeins eitt ákvæði sem kemur í veg fyrir að samkomulag náist, en það snýr að kröfu BSRB um eingreiðslu til félagsfólks. BSRB fer fram á að félagsfólk þess hljóti eingreiðslu upp á 128 þúsund krónur, en Sonja segir greiðsluna skipta sköpum fyrir framfærslu þeirra, en sé aðeins 0,3 prósent af heildarlaunakostnaði fyrir sveitarfélögin.

Stál í stál

Boðað hefur verið til nýs fundar klukkan 10 í dag, en Aldís Sigurðardóttir, annar tveggja sáttasemjara í málinu, sagði deilu BSRB og SNS



Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

Vörður Verkfallsverðir við Lágafellslaug í Mosfellsbæ í gærmorgun. Verkfallsaðgerðir BSRB hafa áhrif á rekstur 37 sundlauga í 29 sveitarfélögum.

vera stál í stál. Aldís kvaðst ekki viss hvort fundurinn yrði langur en til hans hefði verið kallað til að reyna að leysa úr málnum. „Samfélagið liggur allt undir, og við þurfum bara að halda samtalinu gangandi og reyna allt sem við getum.“ Verkfallsaðgerðir

BSRB hafa áhrif á rekstur 37 sundlauga og um 70 leikskóla um allt land, ásamt þjónustu í frístundamiðstöðvum. Einnig á verkfallið við um starfsfólk í íþróttamannvirkjum, þjónustumiðstöðvum, bæjarskrifstofum, áhaldahúsum og höfnum.

Morgunblaðið, 09.06.2023, síðu 2.
grein stærð: 311.54 sm²
grein hæð: 12.06 sm



Skiptar skoðanir um Búrfellslund

- Sveitarstjórnarfólk í Rangárþingi ytra fer ekki fram á að fresta landnotkun líkt og nágrennar þeirra
- Fyrirhugaðar framkvæmdir við Búrfellslund í tveimur sveitarfélögum ● Breyta þarf skattaumgjörð


Inga Þóra Pálsdóttir
ingathora@mbl.is

Sveitarstjórn Rangárþings ytra ætlar ekki að fara fram á það við Skipulagsstofnun að fresta því að taka ákvörðun um landnotkun fyrir Búrfellslund, samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun, rammaáætlun, í allt að tíu ár, líkt og nágrennar þeirra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa gert.

Þetta staðfesta Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Á-listans í Rangárþingi ytra, og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri í samtali við Morgunblaðið. Í gær greindi Morgunblaðið frá því að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefði ákveðið að fara fram á frestun við Skipulagsstofnun.

Fjögur ár nægur tími

Síðasta sumar var Búrfellslund settur í nýtingarflokk fyrir vindorku-



virkanir í rammaáætlun. Í framhaldi sótti Landsvirkjun um virkjanaleyfi til Orkustofnunar. Samkvæmt kynn-

ingarmyndbandi á heimasíðu Landsvirkjunar er áætlað að vindorkuverri risi vestan Djórásar, sem er í Rangár-

þingi ytra. Aftur á móti eru tvö tengivirkir í nágrenni áætlaðs framkvæmdasvæðis, við Sultartanga og Búrfell, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun er rammaáætlun bindandi við gerð skipulagsáætlana. Þá skulu sveitarstjórnir samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlunir rammaáætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Jón segir Rangárþing ytra telja þennan fjögurra ára frest duga til að komast að niðurstöðu og hefur sveitarstjórn frestað því að taka fyrir breytingar á aðalskipulagi. „Við viljum meina að það sé nægilegt til að komast að niðurstöðu í þessu.“

Breyta þurfi skattaumgjörð í kringum vindorku

Ákvörðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að fara fram á frestun

hefur væntanlega þau áhrif á að það verði ekkert gert þarna í nokkurn tíma þótt þið hafið ákveðið að halda ykkur við að nýta fjögurra ára frestinn?

„Mögulega og mögulega ekki. Ef þau ætla að fara fram á þetta við Skipulagsstofnun þá er spurning hvort að þetta sé einhliða ákvörðun hjá þeim í fyrsta lagi. Í öðru lagi þá er fjögurra ára frestur í lögnum til að melta og skoða þetta. Við höfum þá heimild til að nýta okkur fjögurra ára frestinn þó svo við förum ekki í tíu ár,“ segir Jón.

Jón og Eggert kveðast þó vera sammála sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að breyta þurfi skattaumgjörðinni í kringum vindorku, en Þjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur einmitt skipað starfshóp sem hann hefur falið að skoða skattalegt umhverfi orkuvinnslu á Íslandi.